

Andrea Thorvaldsdóttir <andreathorvalds@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Andrea Thorvaldsdóttir <andreathorvalds@gmail.com>
Heiti : Andrea Þorvaldsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Andrea Thorvaldsdóttir <andreathorvalds@gmail.com>

Ég undirrituð Andrea Margrét Þorvaldsdóttir 1705743469 - Lundargötu 2 geri athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar tillögu Skipulagssviðs Akureyrar nr. 123/2010. Breytingin felur í sér hækkun húsa á eyrinni og er ég algjörlega mótfallin byggingu svo hárra húsa á þessu svæði og skora á ykkur að fara eftir áður samþykktri tillögu sem unnin var í sátt við íbúa og aðra viðkomandi. Það sjá það allir sem vilja sjá að þessi nýja tillaga mun breyta ásýnd þess svæðis bæjarins sem helst þarf að varðveita sem lágreista og gamaldags byggð.

Með von um skýra sýn
Andrea Þorvaldsdóttir

From: [Anna Elísa Hreiðarsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Uppbygging á Oddeyri, athugasemd við tillögu skipulagsráðs
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 18:40:46

Góðan dag.

Ég vil koma á framfæri harðri gagnrýni á byggingu húsa á Oddeyri sem eru hærri en fjögurra hæða enda er það ekki í samræmi við fyrri áætlanir né aðra byggð þarna í kring.

Ég endurtek mótmæli mín frá því fyrir stuttu þegar lögð var fram tillaga um ellefu hæða byggingu og ítreka að hér virðist sem hagsmunir fjöldans séu seldir fyrir hagsmuni fárra.

Ósk mín er að ykkur beri gæfa til að gera betur en þetta, hugað að heildarsvip og hag íbúa á svæðinu
Með þökk

Anna Elísa Hreiðarsdóttir
0904655469
Húseigandi á Oddeyri og Akureyrir

From: [Anna Hallgrímsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: athugasemd við Drög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:33:13

Til þeirra er málið varðar.

Nú er ég brottfluttur Akureyringur (sem er alltaf þínu á leiðinni að flytja til baka í bæinn fagra við fjörðinn) en ég ætla að leyfa mér að setja spurningarmerki við þau áform að byggja 6-8 hæða byggingar á Oddeyrinni. Þetta hljómar eins og plön sem væru næs fyrir íbúa efri hæða þessara bygginga en ekki neinn annan. Þetta verður algjörlega út úr kú miðað við skipulagið á Eyrinni sem býr yfir alveg sérstökum sjarma - það væri nærtækara að leggja rækt við þau sérkenni sem Eyrin býr yfir. Ekki láta af þessu skipulagsslysi verða.

Bestu kveðjur,
Anna Hallgrímsdóttir
Bókhöðustíg 3, 340 Stykkishólmi
kt 210179-2169

From: [Olafsson Custom](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Mótmæli
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 20:30:29

Ég undirritaður mótmæli harðlega, fyrir hönd Olafsson Custom ehf, kt. 500419-0320, Strandgötu 49c, þeim auglýstu fyrirhuguðu breytingum á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem nær til götureits sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri.

Virðingarfyllst!!
Anton Ólafsson
Kt. 010785-3329
Hríseyjargata 3
600 Akureyri
Sími: 849-1554

From: [Anton Ólafsson](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Mótmæli / umsókn
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 20:37:43

Ég undirritaður mótmæli harðlega, þeim auglýstu fyrirhuguðu breytingum á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem nær til götureits sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri.

Sem eigandi að Strandgötu 49c get ég sagt ykkur það að húsnæðið er ekki til sölu og verður það ekki. Þessi breyting finnst mér ekki passa miðað við vilja minn og þeirra akureyringa sem ég hef rætt við, en þar virðist ríkja almenn ánægja með núverandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 3.-4. hæða byggingum á þessu svæði.

Sé það hinsvegar vilji skipulagssvið að berja þessar breytingar í gegn þá sækji ég hér með einnig um leyfi til að byggja ofan á mitt núverandi húsnæði, 7 hæða íbúðarbyggingu.

Virðingarfyllst!!
Anton Ólafsson
Kt. 010785-3329
Hríseyjargata 3
600 Akureyri
Sími: 849-1554

Ábending vegna auglýstra draga að breyttu aðalskipulagi á Oddeyri, 27. maí 2020.

Í drögum að breyttum skipulagsákvæðum aðalskipulags Akureyrar og áherslum rammaskipulags Oddeyrar er miðað við að byggja megi allt að 8 hæða hús á Gránufélagsreit með 100-150 íbúðum. Síðast liðið haust voru kynnt drög að deiliskipulagi þar sem gert var ráð fyrir þyrpingu enn hærri punkthúsa norðan við Gránufélagshúsin. Í kynningu, sem haldin var í Hofi, greindi skipulagshöfundur frá skoðun á randbyggð á reitnum. Sú mynd sem þar var sýnd gerði ráð fyrir einum stórum húsagarði og djúpum (þykkum) húsum.

Í kafla um umhverfisáhrif í drögum að breytingablaði er gerð ágætlega grein fyrir hugsanlegum neikvæðum áhrifum hárrar byggðar á svæðinu á ásýnd þess, skuggavarp og veðurlag.

Pæling um útfærslu

Ég hef skoðað skipulagskost, sem byggist á þéttari randbyggð á Gránufélagsreitnum. Með því að gera ráð fyrir göturými inn á reitinn úr austri verður húsagarðurinn hæfilega stór (ekki of stór eins og sýnt var á kynningarfundinum í haust). Þá gæfist kostur á að hafa byggingar í mælikvarða Gránufélagshúsanna næst þeim sem brúa á milli þeirra og þéttar og hærri byggðar. Einnig myndi slíkt göturými ganga vel upp á reitnum austan við, þar sem byggð verður væntanlega einnig endurnýjuð þegar fram líða stundir.

Undir húsagarði kæmi hálfniðurgrafinn kjallari þar sem gólfhæð er í hæð við hæstu flóðamörk. Gólfhæð 1. hæðar verður því um 1,5-1,8 m yfir gangstéttarhæð þannig að ekki verður óþægileg innsýn frá götu inn í íbúðir. Bílajakjallarar og geymslur geta verið á áhættusvæði vegna flóða og hækkandi sjávarstöðu þar sem einfalt er að fjarlægja verðmæti og tæma húsnaðið við sérstakar aðstæður.

Miðað er við að verslunar- og atvinnurými á jarðhæð verði með gólf í gangstéttarhæð og aukna lofthæð þannig að gólf 2. hæðar gæti verið í sömu hæð og á nyrðri hluta húsanna.

Mikilvægt er að byggingar í þéttari randbyggð verði ekki of djúpar (þykkar) til þess að tryggja tengsl allra íbúða bæði við garð og götu (gegnumgangandi íbúðir) og komast hjá einhliða íbúðum og erfiðum hornlausnum. Æskileg hámarkhúsdýpt er 10 m, sem gefur bjartar og gegnlýstar íbúðir og einfaldar hornlausnir. Unnt er að ná meginmarkmiðum um gæði íbúða í allt að 12 m djúpum húsum. Dýpri byggingar fela í sér að miðhluti íbúða nýtur ekki beinnar dagsbirtu og/eða íbúðir verða einhliða, þ.e. með glugga í eina hátt (horníbúðir í tvær áttir).

Einnig er mikilvægt þegar byggð er hækkuð umfram aðliggjandi byggð og götumyndir að minnka stærðaráhrifin í nálægð með því að draga inn efstu hæðina. Þá ber t.d. brún þriðju hæðar við himinn í fjögurra hæða húsi séð frá aðliggjandi götu. Þessari klassísku aðferð var beitt í miðbæ Akureyrar þegar hann byggðist upp um miðja síðustu öld og ber að viðhalda henni.

Ég set fram tvö dæmi sem byggja á sömu skipulagshugmynd; litlum verslunar- og þjónustubyggingum næst Gránufélagshúsunum sem mynda brú milli gamallar og nýrrar byggðar, randbyggð um húsagarð þar norðan við með hálfniðurgrofnum kjallara fyrir bílastæði og geymslur og atvinnustarfsemi á suðurhlíð húsagarðsins. Annars vegar er miðað við 3-4 hæðir og 10 m djúp hús og hins vegar 3-5 hæðir og 12 m djúp hús.



3-4 hæðir, 10 m djúp hús. Gróf nálgun - dæmi.



3-5 hæðir, 12 m djúp hús. Gróf nálgun – dæmi.

Nú er hægt að útfæra skipulag reitsins á ýmsan hátt. Þessi pæling er alls ekki sett fram sem sú eina rétta heldur er tilgangurinn sá að sýna dæmi um það hvernig hægt sé að koma fyrir þéttri byggð án þess að bera umhverfið og bæjarmyndina ofurliði og nálgast skynsamlega nýtingarviðmiðun.

Horfa þarf á einfaldar módelmyndir með þeim gleraugum að ekki er um að ræða hönnun og engin tilraun er gerð til þess að fegra eða forma byggingarnar á þessu stigi. Þetta eru einfaldlega magntölur.

Magntölur.

Tölur um íbúðafjölda byggjast á meðalíbúðastærð um 80 m² brúttó (t.d. 40-120 m²). Miðað er við að ca 5 m² geymsla verði í kjallara og er því miðað við 75 m² meðalíbúð í íbúðahluta húsanna.

Tölur eru námundun. Nákvæmni gæti t.d. verið +/- 15%.

Aðrar stærðir

- Gránufélagshúsin 620 m²
- Skipulagssvæðið miðað við miðlínur aðliggjandi gatna: 0.96 ha
- Lóðir á reitnum: 7.018 m²

3-4 hæðir, 10 m djúp hús:

- Framhús milli húsagarðs og Gránufélagshúsa, verslun og þjónusta: 720 m²
- Verslun og þjónusta á jarðhæð húsagarðs: 570 m²
- Íbúðir á 1. – 4. hæð: 4.900 m²
- Bíla- og geymslukjallari: 2.750 m²
 - Geymslur fyrir 65 íbúðir
 - Bílastæði 81
- Fjöldi íbúða 65
 - Íbúðir gætu verið 75 ef verslunar- og þjónusturými í randbyggðinni væri nýtt fyrir íbúðir og VP væri bara í syðstu húsunum.
- Nýtingarhlutfall lóða: 1,37
- Þéttleiki skipulagsreits (miðlína aðliggjandi gatna) 68 íbúðir/hektara

3-5 hæðir, 12 m djúp hús:

- Framhús milli húsagarðs og Gránufélagshúsa, verslun og þjónusta: 720 m²
- Verslun og þjónusta á jarðhæð húsagarðs: 570 m²
- Íbúðir á 1. – 4. hæð: 7.200 m²
- Bíla- og geymslukjallari: 2.750 m²
 - Geymslur fyrir 96 íbúðir
 - Bílastæði 76
- Fjöldi íbúða 96
 - Íbúðir gætu verið 105 ef verslunar- og þjónusturými í randbyggðinni væri nýtt fyrir íbúðir og VP væri bara í syðstu húsunum.
- Nýtingarhlutfall lóða: 1,71
- Þéttleiki skipulagsreits (miðlína aðliggjandi gatna) 100 íbúðir/hektara

Greining:

Þéttleiki háhýsabyggðar í Engihjalla í Kópavogi er 104 íb/ha. Þéttleiki elsta hluta Oddeyrar er um 29 íb/ha. Þéttleiki Hagahverfis er eitthvað yfir 20 íb/ha. Þéttleiki venjulegs einbýlishúshverfis er um 10 íb/ha.

Bæði dæmin sýna þetta byggð á okkar mælikvarða. Lægri og grennri húsin samsvara 68 íb/ha og hærri og dýpri húsin um 100 íb/ha. Í fyrra dæminu er rúmlega 1 bílastæði fyrir hverja íbúð í bílageymslu en í síðara dæminu vantar um 20 stæði upp á. Þar eru um 0,8 bílastæði fyrir hverja íbúð í bílageymslu. Mjög fá stæði verða í götum og á opinni lóð. Það bendir til þess að nýting sé heldur

hærri en hentar fyrir svæðið. Fyrir 150 íbúðir þarf tvöfaldan bílakjallara, þ.e. bæði neðanjarðar og á 1. hæð (gangstéttarhæð).

Ég álykta út frá þessu að síðara dæmið sýni of mikla nýtingu. Miðað við það frávík frá ríkjandi bæjarmynd íbúðarbyggðarinnar á Oddeyri, sem felst í þessari skipulagshugmynd, er rétt að mæla með því að ekki verði byggt hærra en sem nemur fjórum hæðum á hálfniðurgröfnum kjallara.

Rétt er að hafa í huga að útsýnisíbúðir í punkthúsum skerða útsýni annarra og hafa vafasöm áhrif á bæjarmyndina. Áhrif stórra bygginga á vinda og skugga hverfa ekki þótt gerð sé grein fyrir þeim í umhverfisskýrslum. Þrátt fyrir að áhrif hárra húsa á veðurlag séu þekkt eru fjölmörg nýleg dæmi um að sú þekking hafi verið hunsuð með slæmum afleiðingum s.s. í Borgartúni í Reykjavík. Engin ástæða er til þess að gera slíkar tilraunir hér.

Tillaga um úrvinnslu:

Ég legg til að tekið verði mið af settum markmiðum Akureyrarbæjar um viðhorf til bæjarmyndar og eldri byggðar og að unnið verði í samræmi við byggingarlistarstefnu bæjarins, sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. júní 2001 og er enn í gildi.

- Stefnt verði á þetta blandaða byggð á reitnum.
- Hámarkshæð bygginga verði 16 m.y.s. (hálfniðurgrafinn kjallari og fjórar hæðir)
- Gólfkóti geymslu- og bílakjallara má vera 1,3 m.y.s.
- Gólfkóti neðstu íbúðarhæðar u.þ.b. 4 m.y.s.
- Gólfkóti verslunar og þjónustu u.þ.b. 2.2 m.y.s.
- Hámarksíbúðafjöldi að lágmarki 65 og að hámarki 80.
- Hámarksbreidd (dýpt) íbúðarhúsa 12 m.
- Ný byggð verði 1,5-2 hæðir syðst en allt að 4 hæðir á norður og austurjaðri reitsins.
- Efsta hæð verði inndregin meðfram aðliggjandi götum (lágmark að þetta eigi við 4. hæð).
- Íbúðir skulu hafa tengsl bæði við götu og garð.
- Byggingar myndi skjólgóð og sólrík garðrými.

Út úr þessum atriðum mætti þá taka viðeigandi aðalskipulagsákvæði um húsahæðir og nýtingu. Ég vil ítreka athugasemdir mínar frá í haust án þess að endurtaka þær. Þar var vísað í þær samþykktir og stefnur, sem bæjarstjórn og Akureyringar hafa sett sér um bæjarmynd og bæjarumhverfi. Auk þess þarf að umgangast eldri byggð og bæjarmynd Akureyrar af virðingu og yfirvegun þannig að nauðsynleg og kærkomin endurnýjun byggðar feli í sér endurbætur á bæjarumhverfinu og gott búsetuumhverfi.

Þetta eru almannahagsmunir og þeir eiga að vega þyngra en rekstarsjónarmið framkvæmdaaðila. Ég legg til að lögð verði þung áhersla á gæði íbúða og að ekki komi til greina að nota úthverfabyggingar með svalagöngum á þessu svæði.

Líklega væri unnt að skipuleggja reitinn og byggja upp á þessum nótum sem ég spila eftir í þessum dæmum án þess að breyta aðalskipulagi.

Módelmyndir byggjast á efni sem unnið var fyrir Akureyrarbæ á síðasta ári. Talnaefni var dregið út úr þeim pælingum án frekari úrvinnslu.

Með kveðju

Árni Ólafsson arkitekt
Austurbyggð 4
080855-2499

Ásta Sigurðardóttir <asta.s@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Ásta Sigurðardóttir <asta.s@simnet.is>
Heiti : Ásta Sigurðardóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 22.5.2020
Höfundur : Ásta Sigurðardóttir <asta.s@simnet.is>

Viðhengi

[Athugasemdir vegna skipulagslýsinga á fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi..eml.msg](#)

Undirrituð sendir hér sem viðhengi bréf frá 25.okt. sl. Þar kom fram þær athugasemdir sem ég við þá nýju tillögu sem nú liggur frammi.

Ekkert hús á Oddeyri er hærra en fjórar hæðir og tel ég að hærri hús myndu breyta öllu samræmi innan svæðisins ef ákvæðum húshæð í núverandi skipulagi yrði breytt.

Varðandi staðsetningu húsa á umræddu svæði eru rök mín mín gegn henni þau sömu og í október sl.

Akureyri 22.maí 2020

Ásta Sigurðardóttir

Móasíðu 2 a, 603 Ak.

s. 8917932

Sent frá [Póstur](#) fyrir Windows 10

From: [Birna Baldursdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Skipulag á eyrinni
Date: laugardagur, 30. maí 2020 23:57:26

Algjörlega úr takt við bæjarmyndina, svona há hús á lögsta punkti bæjarins er mjög furðulegt skipulag. Ég óska þess að þið endurskoðið þessa tillögu og skapið sátt við bæjarbúa það er alltaf farsælla. Ekki láta græðgina stjórna.

Kv Birna Guðrún Baldursd

From: Björgvin Ólafsson
To: Skipulagssvið Akureyrar
Subject: Mótæli
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 20:23:38

Ég undirritaður mótæli harðlega, fyrir hönd Bílasafns Akureyrar, kt. 540317-0380, Strandgötu 49c, þeim auglýstu fyrirhuguðu breytingum á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem nær til götureits sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri.

Ekki á nokkru stigi þessa máls hefur verið haft samband við safnið eða forsvarsmenn þeirra vegna þessa fارانlegu tillagna sem bera þess augljós merki að um sé að ræða pólitísk sambönd ónefnds verktaka við meirihluta bæjarstjórnar í dag. Það er mjög erfitt að verða ekki óglatt við þetta ferli sem er bænum öllum til skammar.

Þessu til viðbótar má benda á að 682 aðilar skrifuðu undir til að mótæla þessum áformum á vef Þjóðskrár Íslands þegar skipulagslýsing var kynnt í Október á síðasta ári og má sjá þann lista hér https://listar.island.is/Stydjum/51?fbclid=IwAR05isnnOTgHuCA6Qu0QWgZstthzq3rAXW7cb0wv0d_tLIZ5NRZg7z-HRsk

Virðingarfyllt!!

Björgvin Ólafsson
Kt. 230376-4259
Aðalstræti 19
600 Akureyri
Sími: 892-3393

Björg Guðjónsdóttir <baugalin@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Björg Guðjónsdóttir <baugalin@gmail.com>
Heiti : Björg Guðjóns
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 27.5.2020
Höfundur : Björg Guðjónsdóttir <baugalin@gmail.com>

Góðan dag. Væri nú huggulegra að sjá nýja litvænni teikningu á húsi í þetta umhverfi. En sú sem sýnd hefur verið, sem er. (Nútíma kastali með miklu gleri og skörpum línunum í stöllum, fellur ekki vel við eldri byggingar á svæðinu.) Litur, lögun og hæð þarf að falla vel að umhverfi og gefa ásýnd í fjarska jafnt sem nær í takt við umhverfi. Mikil sálubót fyrir alla að sjá nýja teikningu, sem að hús fellur vel að umhverfi. Ég bið og vona, að sjá nýja teikningu, með mjúkum línunum og hlýjum jarðarlitum.
Bestu kveðjur. Björg Guðjóns.Lyngholti 16.

From: [Daniel Olafsson](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Aðalskipulag Akureyrar, rammaskipulag Oddeyrar
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 19:49:38

Á Akureyri eru nú áform um breytingu á aðalskipulagi bæjarins sem myndu breyta ásýnd bæjarins til frambúðar. Engin ástæða er gefin fyrir þeim breytingum sem myndu rústa götumynd Strandgötu og heildarásýnd Oddeyrar. Um er að ræða byggingu átta hæða íbúðahúss með verslun á götuhæð. Íbúðir þessar myndu fá útsýni í allar áttir á efstu fjórum eða fimm hæðum þeirra og er það sennilega þess vegna sem lóðareigenda hefur tekist að sannfæra bæjarstjórn um að breyta hér ákvæðum gildandi skipulags. Dýrar íbúðir hér með útsýni gætu sennilega orðið góð söluvara. En mjög er erfitt að sjá hver er hagur bæjarfélagsins.

Ekki er hægt að hrósa Akureyringum fyrir þessa hugmynd sem sennilega verður reynt að nefna frumlega og metnaðarfulla. Og af hverju ekki líka eðlilega þróun.

Að áliti okkar sem skrifum þetta bréf yrði hér um að ræða byrjun á umhverfisslysi sem engum er í hag nema einum lóðareigenda.

Björn Ólafsson Ólafs arkitekt 090539-3459, 36 Rue d'Hauteville 75016 París
Daníel Ólafsson arkitekt 300186-2549 , 13 Rue Montorgueil 75001 París.

Dagbjört Katrín <dagbjortk@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Dagbjört Katrín <dagbjortk@gmail.com>
Heiti : Dagbjört Katrín Jónsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Dagbjört Katrín <dagbjortk@gmail.com>

Góðan dag

Ég vil koma á framfæri athugasemd við skipulagsbreytingar sem eru í vændum á Oddeyrinni. Sem eyrarpúki og Akureyringur get ég ekki setið hjá í þessu máli sem varðar alla Akureyringa. Eyrin er heimili fjölmargra barnafjölskyldna sem búa í rólegu hverfi þar sem sést vel til allra átta. Umferð um hverfið er í lágmarki og eldra fólk og börn ganga og hjóla hættulaust um hverfið. Þessi fyrirhugaða framkvæmd væri þessum íbúum sem nú byggja Oddeyrina ekki í hag, heldur einungis einu byggingarfyrirtæki. Þetta er dæmi um það þegar þarfir fólksins eru settar í annað sæti og peningar og gróðahyggja ráða för. Ég hvet bæjarstjórn Akureyrarbæjar til að stöðva þetta mál og leita annarra leiða til að efla efnahagslífið.

Önnur rök eru þau að þarna á fólk hús og lóðir sem það vill ekki selja, og er því beinlínis óheimilt að láta fólk selja eignir sínar nema almenningsþörf krefji, samanber 72. grein stjórnaskrár Íslands.

Setjum vilja íbúa hverfisins og Akureyringa ofar gróðrahyggju og hagsmuna einkafyrirtækisins SS byggir.

Kær kveðja

Dagbjört Katrín Jónsdóttir

Kt 1906933099

Darri Arnarson <darriarnarson@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Darri Arnarson <darriarnarson@gmail.com>
Heiti : Darri Arnarson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Darri Arnarson <darriarnarson@gmail.com>

Góðan daginn,

Ég hef ekkert á móti því að Oddeyrin byggist upp ég er sjálfur uppalinn þar.
En nenniði plís ekki að byggja þessa 8 hæða turna.

Ég skil vel að verkttakinn sem ætlar að byggja þetta vilji græða sem mest á reitnum þar sem stutt er í miðbæinn og alla þá þjónustu sem er þar að finna.

Hvernig væri að byggja í staðin hús sem passa við gamla Gránufélagshúsið(Bryggjuna) og jafnvel halda einhverskonar hugmyndsamkeppni og hvernig þau hús og íbúðir ættu að vera?

Jafnvel að byggja fleiri minni íbúðir svo ungt fólk hafi efni á því að búa miðsvæðis og geti þannig styrk þann veitingarekstur og verslanirnar í nágrenninu.

Kveðja,
Darri

--

Best regards,
Darri Arnarson

erla kristbjornsdottir <lellak@hotmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : erla kristbjornsdottir <lellak@hotmail.com>
Heiti : Erla Kristbjörnsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 24.5.2020
Höfundur : erla kristbjornsdottir <lellak@hotmail.com>

Geri athugasemd við tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Er á móti að svo há hús verði byggð á þessum stað vegna ósamræmis við núverandi byggð.

Erla Kristbjörnsdóttir
280669-4669

Sent from [Outlook Mobile](#)

From: fjolnirorn@hotmail.com
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Áhugaverð ábending.
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 15:25:37

Varðandi skipulagsmál á oddeyrinni.

Hér með sendi ég ykkur mína athugasemd varðandi byggingar skipulag á oddeyrinni. Það er til nýlegt deiliskipulag sem er í meiri sátt og er ágætt skipulag og myndi ég halda að það væri alltaf betra að allar framkvæmdir séu með sem breiðustu sátt. Íbúarnir eru alltaf í bænum ekki fyrirtækinn þau geta horfið eins fljótt og þau urðu til. Því bið ég ykkur um að virkilega að íhuga mjög vel og leyfa íbúum bæjarins okkar að njóta vafans ekki fyrirtækja sem koma og fara. Ég mótmæli hæðar breytingum á byggingum á þessu svæði.

Kær kveðja
Fjölur örn
Íbúi í norðurgötu

From: [Gersemi Þróstur](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd vegna " Drög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri."
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 23:52:28

Við undirrituð gerum athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Akureyrar fyrir Oddeyri. Þar sem gert er ráð fyrir byggingu húsa allt að 6-8 hæða í stað 3-4 hæða.

Við teljum mjög jákvætt að uppbygging nýrra íbúða eigi sér stað á Eyrinni en jafnframt mikilvægt að taka tillit til þeirrar láreistu byggðar sem fyrir er. Mikilvægt að hafa í huga mögulega skuggamyndun og vindsveipi sem gjarnan myndast við hærri hús.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Inga Józefsdóttir
060258-5899
Norðurvegi 5, 630 Hrísey

Sigmundur Rafn Einarsson
150248-2219
Norðurvegi 5, 630 Hrísey

Eigendur Hafnarstrætis 96 (París) og Hafnarstrætis 94 (Hamborg)

Sent from my iPad

Guðmundur Árnason <gudmundurarnason@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Guðmundur Árnason <gudmundurarnason@simnet.is>
Heiti : Guðmundur Árnason
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Guðmundur Árnason <gudmundurarnason@simnet.is>

Til þeirra er málið varðar.

Akureyri á upphaf sitt að hluta til á Oddeyrri og húsalengjan meðfram ströndinni hefur sterka sögulega skírskotun. Það er íbúum mikilvægt að varðveita fortíð bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frábær tilhugsun að Oddeyrin fái viðhald og endurnýjun sem sómi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá fódurtönkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhlökkunarefni og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Háhyði í stíl spænskra sundlaugarhótela stingur þó í stúf eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað. og ég mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða hús, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrin myndar og er annar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áður nefndum tönkum undanskildum. Önnur hús í húsaröðinni eru 3-4 hæðir og ég mótmæli því að byggja hærri hús í Strandgötu.

Rannsóknir sýna að arkitektúr og hönnun hafa marktæk áhrif á andlega líðan og tilfinningar manna. Þar mega gróðrasjónarmið ein og sér ekki hafa yfirhöndina því byggingum er jú ætlað að standa um langan tíma.

Ég leyfi mér að vitna til greinargerðar frá yfirvöldum í Suður -Oxfordhéraði í Bretlandi um hönnun húsa. Þar segir í lauslegri þýðingu:

Það er mikilvægt að byggingarstíll, arkitektúr, hönnun og efnisnotkun styðji þann stíl sem fyrir er í umhverfi húss. Slíkt ýtir undir sérstöðu og kemur í veg fyrir að hönnun fari út í eitthvað sem hægt er að finna hvar sem er. Taka þarf tillit til landslags og byggingarhefða sem fyrir eru, þeirra byggingarefna sem þar eru notuð, hlutfalla og mælikvarða. Nýjar byggingar ættu að falla inn í það sem fyrir er og vera jákvæð viðbót við umhverfi sitt. Þar sem engar hefðir eru fyrir ætti að vera í fyrirrúmi að skapa jákvæð áhrif og einkennandi fyrir byggingarstaðinn með rótum í sögu svæðisins. Öll þróun ætti að beinast að því að varðveita einkenni bæjarins og sjálfbærni.

Guðmundur Árnason
 Kotárgerði 29, 600 Akureyri
 020353-5709

Heimildir:

https://scholarship.claremont.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2850&context=cmc_theses

<http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web> final Section 5 Building design.pdf

Þessi skipulags tillaga Sigga í SSByggir sem okkar ástkæra bæjarstjórn tók svo fagnandi ein og allar skipulagstillögur Sigga í SSByggir hafa gert aftur og aftur og er aðdáun bæjarfulltrúa aumkunarverð og lýsir því hvað þeir hafa lítið fram að færa í skipulagsmálum.

Athugasemdir

1. Hvaða læti eru þetta, erum við að missa af einhverju, hvað liggur á. Ef það er ykkar einlægur vilji að færa atvinnulífið á eyrinni burt þá verður að vera til landrími til að taka við atvinnulífinu af eyrinni og hver á að borga, er það ég eða þið. Það er ekki ókeypis að reka burt af eyrinni öll fyrirtækin og svo höfnina og hvar á þetta að vera. Það er greinilega á ykkar tali að þið eruð ekkert búin að velta þessu fyrir ykkur. Svo er nú annað hversvegna bæjarstjórn Akureyrar fellur í stafi ef Siggi í SSByggir stingur upp á 14 til 16 hæða blokk og bæjarstjórn Akureyrar samþykkir 8 hæðir og er svo hamingjusöm. Þetta er mjög sérkennilegt, fáíði greitt frá SSByggir fyrir að vera svona leiðitöm.
2. Ekki hafa farið fram rannsóknir hvað eyrin þoli mikin þunga per fermeter, engin kjarnahola verið boruð til að sjá jarðveginn í neðra en vítin eru til að varast einsog vegagerðin lennti í í Berufirði þar sem rannsóknnaum var ekki sinnt og vegurinn seig og seig. Og ekki hafa farið fram vindrannsóknir til að vit um storma sem mindast við háhýsi. Og ekki gleyma flugvélunum sem koma til lendingar eða að taka á loft yfir þessu gýmaldi. Er einhver í bæjarstjórn sem hefur búið við slíkar aðstæður eða á bara að henda slíkri upplýfun í hina, það er að seigja þá sem koma til með að búa þarna.
3. Þá er það umferðar öryggi og skólaganga. Það má gera ráð fyrir barnafjölskyldum þarna og hvar eiga börnin að fara í Leikskóla og hvar í Grunnskóla???? Allt er fullt á eyrinni og það samræmist ekki mengunarlausu umferðinni að aka með börnin um allan bæ á leið í skóla. Umferðar öryggi er bara fjarlægur draumur hér á Akureyri þar sem hluti ökumanna stundar það að aka niður samborgara sína á gangbrautum og gangbrautarljósum og ekki heyrist hósti eða stuna í bæjarstórn!!

Ég er algerleg á móti þessari breytingu á skipulagi eyrarinna á Akureyri og hvet þess til að skoða allar breytingar og áhrif þeirra gaumgæfilega áður en það er stokkið af stað bara fyrir einn byggingaverktaka enda er nóg eftir af lóðum í Hagahverfi eins og þið vitið og þið vitið.

Burt með ruglið og sérgæslu byggingaverktaka

Virðingarfyllst Guðmundur Hjartarson k.t. 1208557869 Móasíðu 4d

Rafröst <rafröst@rafröst.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Rafröst <rafröst@rafröst.is>
Heiti : Guðmundur Jónsson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Rafröst <rafröst@rafröst.is>

Til þeirra er málið varðar.

Sem eigandi að Gránufélagsgötu 49 vil ég ítreka þá skoðun mína að alls ekki skuli byggja hærri hús en 3 hæðir og ris eða 4 hæðir á Oddeyrinni.

Hugmyndir um hærri byggingar á þessu svæði tel ég vera til mikillar lýti á bæjarsvipnum og vil ég minna á að "kennileiti" eins og segir í auglýsingunni um þessar breytingar getur líka haft neikvæða merkingu.

Með kveðju,

Guðmundur Jónsson

Kt. 080654-4569

--

This email has been checked for viruses by Avast antivirus software.
<https://www.avast.com/antivirus>

Guðný Björk Eydal <ge@hi.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Guðný Björk Eydal <ge@hi.is>
Heiti : Guðný Björk Eydal
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 24.5.2020
Höfundur : Guðný Björk Eydal <ge@hi.is>

Ágætu bæjaryfirvöld.

Leyfi mér, sem brottfluttum Akureyringi sem vill hag bæjarins sem bestan, að gera alvarlegar athugasemdir við það sem ég myndi flokka sem skipuagsslys og vanvirðingu við þann menningararf sem hin lágreista og sérstaka byggð á Oddeyrinni er. Ég hvet ykkur til að hverfa alfarið frá því að byggja á þessum reit en setja þess í stað kraft og fé í að aðstoða húseigendur á Oddeyri við að gera upp og halda við húsum sínum. Um algjörlega einstakt hverfi er að ræða en Akureyringar hafa ekki sýnt því þann sóma sem því ber.

Virðingarfyllst,
Guðný Björk Eydal
Goðalandi 12
108 Reykjavík
kt. 210562-3709

Guðný Stefánsdóttir <gudnyst@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Guðný Stefánsdóttir <gudnyst@simnet.is>
Heiti : Guðný Stefánsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 24.5.2020
Höfundur : Guðný Stefánsdóttir <gudnyst@simnet.is>

- Skipulag verði ekki með þeim hætti að það takmarki möguleika eigenda til nýtingar á eignum sínum
- Skipulag takmarki ekki rétt til endurbóta á núverandi húsnæði.
- Skipulag bindi ekki hendur eigenda varðanda ráðstöfun eigna t.d til eins verktaka.
- Bent er á að aðra valkosti fyrir staðsetningu svo háreistrar byggðar hljóti að þurfa kanna ef almannahagsmunir liggja til grundvallar þessari staðsetningu.
 - Óskað er rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun að taka umrætt svæði eitt og sér út úr þróunarreit en skipuleggja ekki allan reitinn sem heild þar sem háreist byggð syðst á reitnum getur haft áhrif á nýtingu annarsstaðar á umræddum reit.
 - Einnig er bent á að í greinargerð með núverandi aðalskipulagi er þetta svæði talið með þeim þéttingarsvæðum sem eru ótímasett þar sem um er að ræða breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem er í eigu einstaklinga, bréfritari óskar eftir rökstuðningi á hvað veldur því að þessi röðun hafi breyst.
- Í gegnum tíðina hefur íbúi Strandgötu 47 fengið boð um að selja hús og lóð en því verið hafnað þar sem ekki er áhugi fyrir búsetu annarsstaðar. Það er vandséð að það þjóni almannahagsmunum að fólk geti ekki fengið að búa í eignum sínum ef það svo kýs.
- Gera verður grein fyrir skuggavarpi af þessum byggingum þannig að íbúar og fasteignaeigendur á nærliggjandi svæðum geti verið þess fullvissir að ekki sé gengið á rétt þeirra til að njóta sólar eins og hægt er árið um kring.
- Hvernig verður bílastæða og umferðarmálum háttað á og við þennan reit ekki verður annað séð en að þetta stórauðna byggingamagn leiði til mikillar umferðar og fjölda bíla sem þurfa þá bílastæði.

Einnig er bent á að þessi háreista byggð hefði mikil á áhrif á götummynd Strandgötu og ásýnd bæjarins og er varað við því að skammtímahagsmunir séu látnir ráða ferðinni í svo stóru máli sem varðar alla bæjarbúa. Það er álit mitt að fagurfræðileg ásýnd Oddeyrarinnar gerbreytist til hins verra verði af þessum áformum. Bréfitari sér ekki ástæðu til að breyta skipulagi frá því sem nú er samþykkt skipulag.

Guðný Stefánsdóttir Strandgötu 47

180842-4629

Gígí Farsími <vidvikingar@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Gígí Farsími <vidvikingar@gmail.com>
Heiti : Guðríður
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 15.5.2020
Höfundur : Gígí Farsími <vidvikingar@gmail.com>

?

Mótmæli háhum byggingum hærri en 3 hæðir á þessum reit og líka því að troða íbuabyggð í iðnaðarhverfi

<https://www.akureyri.is/is/frettir/drog-ad-breytingu-a-adalskipulagi-akureyrar-2018-2030-og-a-rammahluta-adalskipulags-fyrir-oddeyri>

Kveðja Guðríður

From: [Guðrún Þorbjörnsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 22:35:11

Við undirrituð gerum athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi bæjarins fyrir Oddeyri. Breytingin mun heimila byggingu húsa sem geta verið allt að 6-8 hæðir og slíkar byggingar myndu ekki falla vel í þá götumynd sem fyrir er. Oddeyrin er rótgróið gamalt hverfi sem okkur þykir vænt um, við erum ungir húseigendur á Eyrinni og höfum alist upp í þessu hverfi.

Uppbygging á svæðinu er í sjálfu sér jákvæð og í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði að hámarki 3-4 hæðir. Rökin fyrir því að breyta skipulaginu og heimila hús að hámarki 6-8 hæðir eru óljós og ekki er hægt að sjá hvernig bæjarbúar hafi hag af því. 6-8 hæða bygging yrði í gríðarlegu ósamræmi við þá byggð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi sem og þeirri byggð sem er nú á Eyrinni. Það yrði mjög sorglegt ef að ásýnd og götumynd bæjarins yrði ekki höfð að leiðarljósi við áform um byggingu á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Guðrún Ósk Þorbjörnsdóttir 011086-3229, Rauðalækur 39, 105 Reykjavík
Hólmur Sigmundsson 130586-2369, Rauðalækur 39, 105 Reykjavík
(Eigendur af Hríseyjargötu 17, 600 Akureyri)

Halldór M. Sverrisson <daddisv@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Halldór M. Sverrisson <daddisv@gmail.com>
Heiti : Halldór Magni Sverrisson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Halldór M. Sverrisson <daddisv@gmail.com>

Ég undirritaður Halldór Magni Sverrisson, 050163-5559 til heimilis að Strandgötu 43, mótmæli harðlega fyrirhugaðri byggingu háhýsa á áður skipulögðum og samþykktum reit neðan Hjateyrargötu og norðan Strandgötu.

Ástæða þess er aðalega sú að þessar byggingar eru í hróplegu ósamræmi við þá byggð sem fyrir er og er þá sama á hvaða hús er horft til í nágrenninu.

Verð ég að benda á að aðal rök þess að Reykjavíkurlflugvöllur hverfi úr Vatnsmýrinni er að flogið er yfir íbúðabyggð, ætti þá ekki að vera eðlilegt að takmarka fjölda þeirra sem búa í aðflugslínu að Akureyrarflugvelli?

Ef að þessum byggingum verður munum við sem í nágrenninu búa missa allt útsýni til austurs, sem mér finnst afar miður og vil ég meina að rýri verðmæti eigna á Eyrinn. Byggingar eins og þessar koma ekki bara til með að eyðileggja Eyrina heldur ásýnd Akureyrar allrar. Ekki finnst mér það eðlilegt að hægt sé að taka útsýni frá einum, sem flokkast undir lífsgæði og afhenda það öðrum með gróðahyggju í huga. Það að hleypa þessari tillögu svona langt, þvert ofan í gildandi skipulag, vekur upp þá spurningu hvort bæjaryfirvöld gangi erinda verktaka?

Það er nú líka svo að gestir bæjarins sækja töluvert í þessi gömlu hús og sögu þeirra og vita allir þeir sem eitthvað hafa ferðast að íbúðarblokkir og háhýsi hafa ekkert aðdráttarafl og ég veit ekki til þess að það sé nokkurn staða í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Ekki þarf maður að hafa snefil vit á skipulagsmálum að sjá að svona háhýsi þarna staðsett eru nánast hryðjuverki líkust enda, eftir því sem mér skilst, hönnuð og skipulögð af þeim verktaka sem ætlar að byggja þau að gróðahyggju einni.

Þessi umræddi reitur væri kanski ekki alslæmur í núverandi ástandi ef sá byggingaverktaki, sem hér um ræðir, tæki til á þeirri lóð sem hann hefur til umráða innan þessara marka.

Eðlilegast finnst mér að það ætti að fara fram samkeppni að skipulagningu þessa reits þar sem sú hugmynd sem fellur best að umhverfinu og upphefur okkar sögu og menningu verði valin eða að mögulega væri hægt að kjósa um bestu tillöguna eins og góðu lýðræði sæmir.

Halldór Magni Sverrisson Strandgötu 43

From: [Hlynur Hallsson](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: spam>Athugasemd við tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir hluta Oddeyrar.
Date: föstudagur, 29. maí 2020 10:32:29

Góðan dag

ég mótmæli harðlega tillögum um að byggja 8 hæða blokk á Oddeyri.

Skipulagið frá 2018 er gott og það á að fara eftir því og ekki byggja hærri hús á Oddeyri en 3-4. hæðir, annað er fásinna og óvönduð vinnubrögð.

Hverfisnefnd Oddeyrar hefur ályktað um málið og einnig Skipulagsstofnun og ég tek undir sjónarmið þeirra.

Með bestu kveðjum,

Hlynur Hallsson
kt. 2509683379
Hafnarstræti 90
600 Akureyri

+354 6594744

<http://hlynur.is>

<http://hallsson.de>

<https://www.facebook.com/hlynur>

<https://twitter.com/hlynurhallsson>

<http://instagram.com/hlynurhallsson>

<http://www.kuckei-kuckei.de/artists/hlynur-hallsson.php>

<https://www.oslobiennalen.no/participant/hlynur-hallson>

From: [Hólmfríður Þórðardóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Mótmæli
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 18:21:44

Komið þið sæl

Ég vil mótmæla harðlega byggingaráformum SS Byggis á reitnum norðan við Gránufélagshúsin.

Ég taldi bæjarbúa hafa látið í ljós mótmæli gagnvart þessari byggingu í lok síðasta árs. Þá voru sýndar myndir af sömu byggingu, 8 hæða og nú er ætlunin að byggja. Þá mótmæltu bæjarbúar þessari byggingu, það skipti ekki máli hvort hún átti að vera 11 hæðir eða 8. Við mótmæltum báðum. Þessi bygging á ekki heima þarna meðal lágreistra húsa. Ég mótmæli einnig breytingu á deiliskipulagi á þessu svæði á Oddeyrinni þar sem ég vil að aðeins lágreistar byggingar (3-4 hæðir) eins og segir í núverandi skipulagi.

Ég vinn rétt hjá þessum reit og hef gert meira og minna sl 20 ár og geng oft þarna um. Hef ekki áhuga á háhýsi þarna því það passar ekki í þetta umhverfi.

Hólmfríður Þórðardóttir
070167-5579
Drekagil 28
Akureyri

Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir

From: Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir <hrabbasigurgeirs@gmail.com>
Sent: mánudagur, 25. maí 2020 11:18
To: Skipulagssvið Akureyrar
Subject: Skipulagsbreytingar á Oddeyrinni

Categories: Vistað í OneCRM
One: -1

Heil og sæl

Ég veit ekki af hverju þetta mál er komið svona langt. Sá aðili sem óskar eftir því að fá að byggja þarna á ekki landið sem nota á undir húsið. Þarf maður ekki að eiga svæðið sem ætlunin er að byggja á?

Ég óska því eftir því að skipulagsnefnd, skipulagsstjóri sem og bæjarstjórn Akureyrar fylgi Stjórnarskrá Íslands og þó sérstaklega grein 72 sem er eftirfarandi:

72. gr.

 Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

 Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.] ¹⁾

¹⁾[L. 97/1995, 10. gr.](#)

Ég sé enga almenningsþörf fyrir því að þetta hús verði byggt nákvæmlega þarna. Ég tel líka mikilvægt að nefndin kynni sér fyrri ákvarðanir við skipulag oddeyrarinnar þar sem til dæmis var tiltekið hversu há hús "mátti" byggja.

Skipulagið var líka haft þannig að stóru flutningabílarnir myndu komast beint út á Hjalteyrarbrautina og keyra út úr bænum. Þeir þyrftu ekki að keyra í gegnum íbúabyggð.

Hrafnhildur Sólrún Sigurgeirsdóttir

kt. 250273-3049

Sunnuhlíð 7 (áður íbúi á Tangangum nánar tiltekið í Strandgötu 51)

Hrefna Rut Níelsdóttir <hrefnarut@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Hrefna Rut Níelsdóttir <hrefnarut@gmail.com>
Heiti : Hrefna Rut Níelsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Hrefna Rut Níelsdóttir <hrefnarut@gmail.com>

Góðan dag,

Ég sendi flestar að þessum ábendingum líka síðast, en fékk engin svör þannig þessar spurningar standa enn.

? Tillaga að nýju aðalskipulagi gerir ráð fyrir algjörrri stefnubreytingu frá því skipulagi sem var samþykkt árið 2018 og heimilaði 3-4 hæða byggingar á umræddu svæði. Það skipulag var í samræmi við lágreist umhverfið en myndi jafnframt stuðla að þéttingu byggðar. Að reisa 8 hæða háhýsi er hinsvegar gjörsamlega á skjön við heildarútlit Oddeyrarinnar sem og Akureyrar. Minjastofnin taldi háhýsi á þessum reit ekki viðeigandi og setti út á skipulagið, en samt sem áður á aðeins að lækka húsin um 3 hæðir. Hvers vegna er talið eðlilegt að byggja hús af þessari stærðargráðu í lágreistri gamalli byggð þar sem þau eru mest áberandi og breyta ásýnd bæjarins?

? Uppbygging er vissulega jákvæð það er ekki hægt að sætta sig við hvað sem er, bara vegna þess að það hentar einum byggingaraðila.

? Fyrir hvaða markað og kaupendur eru fjölbýlishúsin hugsuð? Nú standa t.d. enn margar íbúðir auðar í Austurbrún og bygging ekki hafin á þriðja húsinu þar.

? Hver eru áformin um uppbyggingu á reitunum í kring? Mun verðmæti þeirra rýrna vegna skuggavarps? Hér er veruleg hætta á að geti myndast akureyskt Skuggahverfi. Nú er einnig mikilvæg atvinnustarfsemi svo sem blikksmiðja og vöruhöfn í næsta nágrenni. Mun t.d. óhjákvæmilegur hávaði og önnur mengun frá nærliggjandi hafnarsvæði, ekki síst vegna útblásturs skemmtiferðaskipa, vera ásættanleg fyrir komandi íbúa þessara bygginga eða eru áform um að færa þessa starfsemi annað?

? Það má gera ráð fyrir aukinni umferð og bílum á svæðinu, eiga þau börn sem þar búa að ganga yfir fjölfarna umferðagötu á leið sinni í skólann?

? Þá má einnig velta fyrir sér hvort Oddeyrin sé yfir höfuð skynsamleg staðsetning fyrir fjölbýlishús af þessari stærð vegna hækkandi yfirborðs sjávar og þeirra mörgu vandmála sem því fylgja fyrir lágt liggjandi strandsvæði, ekki síst varðandi sjávarflóð og frárennslismál.

Með kveðju,

Hrefna Rut Níelsdóttir, kt. 050791-3439

Hafnarstræti 33, 600 Akureyri.

Íslensk <islensk@islensk.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Íslensk <islensk@islensk.is>
Heiti : Hugrún Ívarsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Íslensk <islensk@islensk.is>

Athugasemd vegna skipulagsbreytinga

? Nýlega gert aðalskipulag í samhengi við rammaskipulag á Oddeyri var vönduð vinna, unnin í góðu samráði á löngum tíma. Það er ekki skynsamlegt að rjúfa þá sátt vegna sérpöntunar verktaka á reit sem er lykilreitur í væntalegri uppbyggingu á svæðinu.

? Samræmi í húsagerð og hæð húsa er út takti við annað á svæðinu og er ekki í samræmi við vönduð vinnubrögð í uppbyggingu við eldri svæði. Leitast skal við að húsagerð og hæð húsa falli að umhverfi sínu í þéttingu byggðar. Í því sambandi má benda á Húsakönnun frá 1995 sem unnin var af Minjasafninu á Akureyri í samvinnu við skipulagsdeild Akureyrarbæjar þar segir "Strandgata 37 spillir umhverfi sínu vegna stærðar og gerðar" Hvað er þetta þá?

? Tillagan gerir Gránufélagshúsin hjákátleg og smánarleg og þeim er sýnt fullkomið virðingarleysi, hús sem eru alfriðuð. Þetta mun eyðileggja ásýnd þeirra og Akureyrar allrar.

? Hæð og gerð húsa á þessum reit mun spilla fyrir uppbyggingu á eyrinni allri. Það er bæjaryfirvalda að stýra uppbyggingu í þéttingu byggðar en ekki verktaka.

? Skipulagsstofnun gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Akureyrarbæjar varðandi framsetningu á fyrri tillögu. Þá sé óljóst hvaða forsendur liggja að baki svo viðamiklli breytingu á aðalskipulagi.

? Það að hleypa þessari tillögu svona langt vekur upp þá spurning hvort að bæjaryfirvöld gangi erinda verktaka?

Hugrún Ívarsdóttir

kt. 060667 5519

Strandgötu 43 600 Akureyri

From: [Hulda Hallgrímsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:44:15

Sæl/l

Ég sendi hér með athugasemd mína um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar sem varðar Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri.

Ég er mikið á móti áformum um háhýsi á þessum stað í bænum. 6-8 hæða hús á ekki heima meðal 2-4 hæða húsa og svona háhýsi mun einungis vera gjöfullt fyrir íbúana í húsinu sem geta notið góðs af útsýninu en húsið mun skyggja á útsýnið fyrir restina af Akureyringum og breyta ásýnd bæjarins og þessa sögulega hverfis.

Ég vinn á arkitektastofu sem sérhæfir sig m.a. í bæjarskipulagningu og er búsett í Kaupmannahöfn. Hér er alltaf verið að ræða hvort háhýsi eigi heima hér í borginni og er niðurstaðan smám saman að verða að það eigi þau ekki. Í því samhengi finnst mér skrítið ef á að byrja að byggja háhýsi á Akureyri. Skipulagssvið Akureyrarbæjar á að halda fast í sérkenni og styrkleika Akureyrar í sínum framtíðaráformum fyrir bæinn og ekki fara að gera sömu mistök og margar borgir og bæjir í Evrópu hafa gert síðustu ár.

Með kveðju
Hulda Hallgrímsdóttir
140384-8369
Gammel Kalkbrænderi Vej 36, 3
2100 København Ø
Danmörk

Inga Dagny <ingadagny@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Inga Dagny <ingadagny@gmail.com>
Heiti : Inga Dagný Eydal
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Inga Dagny <ingadagny@gmail.com>

Mótmæli við breytingu á aðalskipulagi Akureyrar sem snýr að hluta Oddeyrarinnar

Akureyri átti upphaf sitt á Oddeyri og húsalengjan meðfram ströndinni hefur sterka sögulega skírskotun. Það er íbúum mikilvægt að varðveita fortíð bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frábær tilhugsun að Oddeyrin fái viðhald og endurnýjun sem sómi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá fódurtönkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhlökkunarefni og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Háhýsi í stíl spænskra sundlaugarhótela stingur þó í stúf eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað. og ég mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða hús, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrin myndar og er annarar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áðurnefndum tönkum undanskildum. Önnur hús í húsaröðinni eru 3-4 hæðir og ég mótmæli því að byggja hærri hús í Strandgötu.

Rannsóknir sýna að arkitektúr og hönnun hafa marktæk áhrif á andlega líðan og tilfinningar manna. Þar mega gróðrasjónarmið ein og sér ekki hafa yfirhöndina því byggingum er jú ætlað að standa um langan tíma.

Ég leyfi mér að vitna til greinargerðar frá yfirvöldum í Suður -Oxfordhéraði í Bretlandi um hönnun húsa. Þar segir í lauslegri þýðingu:

Það er mikilvægt að byggingarstíll, arkitektúr, hönnun og efnisnotkun styðji þann stíl sem fyrir er í umhverfi húss. Slíkt ýtir undir sérstöðu og kemur í veg fyrir að hönnun fari út í eitthvað sem hægt er að finna hvar sem er. Taka þarf tillit til landslags og byggingarhefða sem fyrir eru, þeirra byggingarefna sem þar eru notuð, hlutfalla og mælikvarða. Nýjar byggingar ættu að falla inn í það sem fyrir er og vera jákvæð viðbót við umhverfi sitt. Þar sem engar hefðir eru fyrir ætti að vera í fyrirrúmi að skapa jákvæð áhrif og einkennandi fyrir byggingarstaðinn með rótum í sögu svæðisins. Öll þróun ætti að beinast að því að varðveita einkenni bæjarins og sjálfbærni.

Með bestu kveðjum
 Inga Dagný Eydal
 íbúi á Akureyri
 190763-3829

Heimildir:

https://scholarship.claremont.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2850&context=cmc_theses

[http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web final Section 5 Building design.pdf](http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web%20final%20Section%205%20Building%20design.pdf)

Bestu kveðjur

Inga Dagný

Inga Dagný Eydal, Einholti 14A Akureyri

From: [Ingi Johann](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 22:47:53

Við undirrituð gerum athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi bæjarins fyrir Oddeyri. Breytingin mun heimila byggingu húsa sem geta verið allt að 6-8 hæðir og slíkar byggingar myndu ekki falla vel í þá götumynd sem fyrir er. Oddeyrin er rótgróið gamalt hverfi sem okkur þykir vænt um og erum ungir húseigendur á Eyrinni.

Uppbygging á svæðinu er í sjálfu sér jákvæð og í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði að hámarki 3-4 hæðir. Rökin fyrir því að breyta skipulaginu og heimila hús að hámarki 6-8 hæðir eru óljós og ekki er hægt að sjá hvernig bæjarbúar hafi hag af því. 6-8 hæða bygging yrði í gríðarlegu ósamræmi við þá byggð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi sem og þeirri byggð sem er nú á Eyrinni. Það yrði mjög sorglegt ef að ásýnd og götumynd bæjarins yrði ekki höfð að leiðarljósi við áform um byggingu á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Hafdís Þorbjörnsdóttir 110991-3129, Hríseyjargata 20, 600 Akureyri
Ingi Jóhann Friðjónsson 240692-2609 Hríseyjargata 20, 600 Akureyri
Birta Júlía Þorbjörnsdóttir 130900-3990, Hríseyjargata 20, 600 Akureyri
Bjartur Geir Gunnarsson 050400-2120, Krókeyrarnöf 21

Ingimar Eydal <ingimar.eydal@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Ingimar Eydal <ingimar.eydal@simnet.is>
Heiti : Ingimar Eydal
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Ingimar Eydal <ingimar.eydal@simnet.is>

Varðar: Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 á Oddeyri

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagslýsinguna:

Breytingarnar eru ekki í samræmi við niðurstöður gildandi aðalskipulags hvað varðar hæð húsa, verndun götummyndar og ásjúnd Oddeyrar.

Of mikið byggingarmagn á svona litlum reit kallar á fjölmörg önnur vandamál, t.d. varðandi bílastæði og umferð.

Þessi tillaga er þá væntanlega fordæmi um aðra uppbyggingareiti á nálægum reitum með þá tilheyrandi vandamálum sbr fyrri athugasemd. .

Tillagan er ekki í neinu samræmi við þau hús sem friðuð eru á viðkomandi reit, þ.e. Gránufélagshúsunum.

Ekki er tekið tillit til þeirra einstaklinga (annara en viðkomandi verktaka) sem eiga þegar eignir á viðkomandi reit.

Þessi tillaga tekur ekki mið af þeirri starfsemi sem þegar er í nágrenninu, þ.e. uppskipun gáma (með tilheyrandi hávaða), mengnun frá skemmtiferðaskipum, aðflugslínu brautar 01 á Akureyrarflugvelli, umferð flutningabíla um nálægar götur og svo framvegis.

Að lokum er athugasemd sem snýr að því að einstakir verktakar geta keyrt í gegn breytingar á Aðalskipulagi. Nóg er af dæmum um skipulagsslys á Akureyri vegna slíkra breytinga sem gerðar hafa verið í þágu einstakra verktaka!

Akureyri 23. maí 2020

Ingimar Eydal
 2006664639
 Vestursíðu 6c
 603 Akureyri

--

Bestu kveðjur

Ingimar Eydal

Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir <j.freydis.74@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir <j.freydis.74@gmail.com>
Heiti : Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir <j.freydis.74@gmail.com>

Ég geri verulega athugasemdir við boðaðar breytingar á aðalskipulagi Oddeyrar. Þessar breytingar eru ekki í neinum takti við þá byggð sem fyrir er á svæðinu, húsin sem byggja á eru enn alltof há. Ég vil sjá áfram lágreista byggð á svæðinu þar sem hæstu hús verði ekki hærri en fjórar hæðir. Allt hærra en það myndi eyðileggja fallega ásýnd bæjarins. Mér finnst það verulega sorglegt ef byggingarfyrirtæki og verktakar geta stjórnað því hvað verður byggt á svæðinu því þar ráða gróðasjónarmið för en ekki hagsmunir íbúa.

Fallegu Gránufélagshúsin sem standa á reitnum myndu hverfa, í óeiginlegri merkingu, við þennan gjörning, sem væri synd því þau eru eitt af kennileitum bæjarins.

Eyrin hefur mikinn sjarma yfir sér vegna þess að þar er byggð lágreist og allt yfirbragð á götum og byggingum rólegt og yfirvegað. Þannig viljum við hafa það áfram. Reysið frekar raðhús, parhús, lítil einbýlshús og fjölbýlishús sem svipa til þeirra sem fyrir eru, eitthvað sem fólk eins og ég og meirihluti bæjarbúa hefur efni og áhuga á að kaupa. Við viljum engar skýjaborgir. Sem Akureyringur og íbúi á Eyrinni hafna ég alveg tillögum að breyttu aðalskipulagi og fer fram á það að þið hlustið á raddir íbúa og hafið bein í nefinu til þess að hafna allri vitleysu um háhýsi á Eyrinni.

Virðingafyllst

Jóhanna Freydís Þorvaldsdóttir

Kt. 2208745839

Norðurgata 53, Akureyri

From: [Jóhannes Árnason](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við Drög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:52:08

Gott kvöld.

Ég vil hér með koma því á framfæri að sem Akureyringi (þótt ég sé nú því miður búsettur í Reykjavík) þykir mér það algjört glapræði að ætla að reisa há hús á Oddeyrinni og eyðileggja þar með algjörlega bæjarmyndina. Þótt eflaust megi byggja svæðið upp veit ég að ég er ekki einn um að sjá hvers lags skipulagshörmung það væri að leyfa þessum byggingum að rísa í þeirri mynd sem sett er fram í þessum drögum.

--

Kveðja,
Jóhannes Árnason
kt: 1803833879
Grenimel 1, 107 Reykjavík

Akureyrarbær
Skipulagsdeild
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 27. maí 2020
Mál nr. 2019090318

Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Þann 22. apríl sl. samþykkti meirihluti skipulagsráðs Akureyrar að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem nær til götureits sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri.

Undirritaður gerir eftirtaldar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skipulagsskilmálum umrædds reits:

1. Undirritaður telur að umrædd breyting sé í andstöðu við markmið gildandi aðalskipulags um að sérkenni bæjarins skuli varðveitt og megindrættir bæjarmyndarinnar styrktir með áherslu á fallega og heildstæða bæjarmynd.

„Sérkenni bæjarins skulu varðveitt og megindrættir bæjarmyndarinnar styrktir með áherslu á fallega og heildstæða bæjarmynd...Bæjarmyndin mótast af byggð frá ýmsum tímum og mikilvægt er að tengslum við fortíðina og upprunann sé haldið með varðveislu þess sem hefur byggingalistar-, sögulegt og menningarlegt gildi...Þessu markmiði verði náð með vandaðri skipulagsvinnu, aðlögun að eldri byggð og verndun náttúru- og menningarminja...Við deiliskipulag eldri hverfa skal þess gætt að breytingar á byggingum og nýbyggingar falli vel inn í þá götummynd/bæjarmynd sem fyrir er“ (bls. 17).

Áhrif svo hárra húsa sem gert er ráð fyrir í tillögunni á ásýnd Oddeyrarinnar og Akureyrar yrðu veruleg og varanleg. Háhýsi á þessum stað myndu gnæfa yfir þeirri byggð sem fyrir er á Oddeyrinni, sjást víða að og að verða mjög afgerandi í bæjarmyndinni. Undirritaður telur afar ólíklegt að svo vel takist til með hönnun bygginganna að þau verði bænum til þrýði og bendir á að möguleikar skipulags- og byggingaryfirvalda til að hafa áhrif á útlit húsbygginga sem uppfylla samþykktu skipulagsskilmála eru takmarkaðir. Sú áhætta sem tekin væri með því að samþykkja tillöguna er því að mati undirritaðs óforsvaranleg.

2. Í bókun meirihluta skipulagsráðs frá er vísað 22. apríl sl. er vísað til almennra röksemda um þéttingu byggðar til stuðnings breytingunni:

„Þétting byggðar er hvorutveggja umhverfisvæn og hagkvæm. Hlutfallslegur kostnaður við viðhald gatna, veitna, sorphirðu og snjómokstur á hvern íbúa lækkar. Göngu- og hjólaþjálægðir stytast og innviðir á borð við skóla og þjónustu nýtast fleirum og auðveldara er að halda úti almenningssamgöngum. Styttri aksturþjálægðir og aukið hlutfall gangandi og hjólandi vegfarenda felur í sér minni umferð og aukin loftgæði. Síðast en ekki síst sparar

þétting byggðar óraskað land sem þá nýtist til landbúnaðar, bindingu kolefnis og/eða sem vistsvæði plantna, fugla og annarra dýra“. Oddeyri er sem stendur fámennnt hverfi og möguleiki á að nýta innviði svæðisins betur, t.a.m. grunn- og leikskóla. Með tilkomu 100-150 íbúða á svæðinu mun fólki á Oddeyri fjölga og téðir innviðir nýtast betur“


Undirritaður bendir í þessu samhengi á að í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er þegar gert ráð fyrir á bilinu 1120-1390 íbúðareiningum á þéttingarsvæðum í bænum, þar af um 100 íbúðum á umræddu svæði og aðliggjandi svæði (AT1). Alls er gert ráð fyrir um 235 íbúðum í þéttingu byggðar á Oddeyri samkvæmt yfirliti á bls. 39 í greinargerð aðalskipulagsins. Því verður ekki séð að fjölgun íbúða á viðkomandi reit sé skilyrði fyrir því að jákvæðum áhrifum þéttingar verði náð. Undirritaður lýsir einnig efasemdum um að innviðir Oddeyrar beri þá fjölgun íbúða sem breytingin hefði í för með sér til viðbótar við þá fjölgun íbúða sem þegar er gert ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

3. Sá reitur sem um ræðir er hluti athafnasvæðis AT1 í gildandi aðalskipulagi sem er um 4,2 ha. að stærð. Reiturinn er innan þróunarsvæðis D í rammahluta aðalskipulagsins. Undirritaður bendir á að svo umfangsmikil breyting á skipulagi hluta svæðisins hefur verulega takmarkandi áhrif á þróunarmöguleika annarra hluta svæðisins og gengur líklega verulega gegn hagsmunum þeirra sem þar ráða yfir lóðum og fasteignum. Æskilegt væri að horft væri til þróunarsvæðisins alls við skipulagningu til að skapa heildstæða framtíðarsýn en ekki einstakra búta þess.
4. Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, sem undirritaður tók þátt í að semja, er eftirfarandi klausa um Akureyrarflugvöll: „Mannvirkjagerð allri skal haga þannig að flugöryggi verði ekki skert á neinn hátt og Akureyrarflugvöllur geti ætíð staðist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til millilandaflugvallar að teknu tilliti til landslags og legu“ (undirstikun er undirritaðs). Ákvæðinu var m.a. ætlað að tryggja að ekki yrðu reist mannvirki í aðflugslínu flugvallarins sem hættu væri á að ekki stæðust flugöryggiskröfur framtíðar. Á kynningarfundum um skipulagslýsinguna kom fram að skipulagsyfirvöld hefðu aðeins gildandi reglur að styðjast við og gætu ekki tekið afstöðu til flugöryggiskrafna framtíðar. Undirritaður telur að ákvæði svæðisskipulagsins skyldi skipulagsyfirvöld til að láta flugöryggið njóta vafans og að bygging svo hárra mannvirkja sem gert er ráð fyrir í skipulagslýsingunni fari í bága við þetta ákvæði svæðisskipulags og ætlaðan tilgang þess.
5. Með byggingu hárra húsa eins og þeirra sem gert er ráð fyrir í tillögunni væri illa vegið að hinum friðlýstu Gránufélagshúsum. Með því væri gengið gegn því markmiði sem ítrekað kemur fram í aðalskipulagi að borin skuli virðing fyrir menningarminjum, byggingarsögulegum mannvirkjum og þeirri byggð sem fyrir er, t.d.
 - „Á Akureyri verði áfram fallett og vandað bæjarumhverfi. Styrkja skal bæjarmynd Akureyrar og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja“ (bls. 11).
 - „Vel varðveitt menningarumhverfi er því einn af þeim þáttum sem eru mikilvægir fyrir byggðapróun og í lögum um menningarminjar er lögð áhersla á skráningu menningarlandslags og minjaheilda. Akureyrarkaupstaður vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með varðveislu og friðun byggingararfsins“ (bls. 141).
6. Á bls. 11 í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2013 stendur eftirfarandi: „Í aðalskipulaginu er áfram lögð áhersla á eflingu og uppbyggingu miðbæjarins...“. Á kynningarfundum um

skipulagslýsinguna kom fram að á neðstu hæðum stórhýsanna, sem gert er ráð fyrir í tillögnum, yrði meðal annars gert ráð fyrir verslunarhúsnæði og verkstæðum fyrir handverk. Undirritaður bendir á að hætt er við að frekari dreifing slíkrar starfsemi en þegar er orðin vinni gegn markmiðum um styrkingu miðbæjarins, a.m.k. sem verslunarsvæðis, hliðstætt því sem átti sér stað þegar Glerártorg reis.

Undirritaður telur að bygging háhýsa af þeirri stærðargráðu sem tillagan felur í sér á þessum stað myndu fela í sér óafturkræfar skemmdir á ásýnd byggðarinnar á Oddeyrinni og bæjarmynd Akureyrar. Nái hugmyndir um átta hæða háhýsi á þessum stað fram að ganga í stjórnkerfi bæjarins, hvetur undirritaður bæjarstjórn til að efna til leiðbeinandi íbúakosningar áður en gildistaka verður samþykkt, til að tryggja að svo veigamikil stefnubreyting eigi sér raunverulegan stuðning meðal íbúa.

Virðingarfyllst,

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Hrói Finnsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Jón Hrói Finnsson
Hafnarstræti 86
600 Akureyri

Athugasemdir vegna áforma um aðalskipulagsbreytingu á Oddeyri.

- Nýlega gert aðalskipulag í samhengi við rammaskipulag á Oddeyri var vönduð vinna, unnin í góðu samráði á löngum tíma. Það er ekki skynsamlegt að rjúfa þá sátt vegna sérþöntunar verktaka á reit sem er lykilreitur í væntanlegri uppbyggingu á svæðinu.
- Leitast skal við að húsagerð og hæð húsa falli að umhverfi sínu í þéttingu byggðar. Engar hugmyndir um húsagerð fylgja þessari tillögu og því erfitt fyrir íbúa og aðra að átta sig á umfangi sem rætt er um í breytingu að aðalskipulagi.
- Hæð húsa á þessum reit mun spilla fyrir uppbyggingu á reitum austan og norðan við þar sem hæð húsanna og skuggavarp frá þeim mun örugglega hafa áhrif á öllu svæðinu þar sem áform eru um uppbyggingu samkvæmt nýgerðu aðalskipulagi. Það er bæjaryfirvalda að stýra uppbyggingu í þéttingu byggðar en ekki verktaka.
- Það er virðingarleysi við eigendur lóða á umræddum reit að setja fram slíkar hugmyndir. Það virðist gert ráð fyrir að rífa hús á reitnum til að koma fyrir þessu fyrirbæri en meira en helmingur lóða á þessum reit er í eigu annarra.
- Afleiðingar á umferð á svæðinu eru miklar og það væru vönduð vinnubrögð að hafa kannað slíkt áður en hráar hugmyndir verktaka er ætlað að stýra aðalskipulagi á svæðinu. Það hefur ekki verið gert.
- Tillögur af þessu tagi lýsa fullkomnu virðingarleysi við það sem fyrir er og Gránufélagshúsunum er sýnd algjör vanvirða. Gránufélagshúsin eru lykilhús Oddeyrar og tákn þess sem mótaði byggð á Eyrinni. Að setja slík háhýsi í bakgarð þeirra er vondur gjörningur. Enda mælti Minjastofnun eindregið gegn háhýsum á þessu svæði.
- Ásýnd Akureyrar gjörbreytist og þessi háu hús hafa mjög mikil áhrif á svæðið sama hvaðan úr bænum litið með neikvæðum hætti. Þessi áform koma öllum bæjarbúum við en ekki eingöngu íbúum á Oddeyri. Sú staðreynd að lækka hús í 8 hæðir breytir ekki þeim veruleika. 8 hæðir eru í engum takti við aðra byggð í hverfinu.
- Tilmæli Skipulagsstofnunar eru hunsuð og skipulagsráð skautar framhjá þeim eðlilegum vinnubrögðum að hafa samráð á vinnslustigi við íbúa og fleiri. Sannarlega óvönduð vinnubrögð. **Sjá umsögn Skipulagsstofnunar frá 2019.**
- *Í umsögn Skipulagsstofnunar segir að ljóst sé að hugmyndirnar feli í sér þéttari og hærri byggð en stefnt er að í rammaskipulagi Oddeyrar. Þetta muni fela í sér breytingu á ásýnd Oddeyrar og bæjarmynd Akureyrar. Skipulagsstofnun gagnrýnir þess að auki hvernig staðið var að kynningu af hálfu bæjarins. Mikilvægt sé að við svo veigamiklar breytingar í gróinni byggð, verði íbúar og aðrir hagsmunaaðilar að geta fylgst með og komið að mótun slíkrar tillögu á vinnslustigi. Þá sé óljóst hvaða forsendur liggi að baki svo viðamiklum breytingum á aðalskipulagi*

skilað til Skipulagsráðs Akureyrar og birt á fésbókarsíðu minni þann 17. maí 2020.
Jón Ingi Cæsarsson Ránargötu 30 600 Akureyri

From: [Jóna Guðbjörg Ingólfssdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd vegna yfirvofandi skipulagsslyss
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:39:30

Skipulagssvið Akureyrar.

Ég sem borin og barnfæddur Akureyringur mótmæli hér með háhýsaáformum Akureyrarbæjar á Oddeyrinni!

Það yrði án efa flott útsýni í allar áttir fyrir íbúana í lúxus íbúðunum í þessu 8 hæða/25 metra háu húsi, en ég er nokkuð viss um að það er restin af bæjarbúum sem mun þurfa að gjalda fyrir þetta skipulagsslys sem mun blasa við alls staðar að. Akureyri er ekki stórborg sem þarf að byggja hærra en 3-4 hæðir. Höldum fast í það og leyfum þessu ekki að gerast.

Með einlægum óskum um að skammtíma gróðasjónarmið fárna verði látin víkja fyrir heildarhagsmunum bæjarbúa í nútíð og framtíð!

Jóna G. Ingólfssdóttir Kt: 221154-7119
Hraunbraut 23,
200 Kópavogur

Jónborg Sigurðardóttir <jonborg@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Jónborg Sigurðardóttir <jonborg@simnet.is>
Heiti : Jónborg Sigurðardóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Jónborg Sigurðardóttir <jonborg@simnet.is>

Ég mótmæli skipulags breytingu á oddeyri.
Enginn háhýsi.
Jónborg Sigurðardóttir
0207664099
Stórholt 2
Akureyri.
Sent from my iPhone

From: [Jóna Lisa Thorsteinsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Háhýsaáform á Oddeyri
Date: mánudagur, 25. maí 2020 10:00:39

Til þeirra sem málið varðar:

Ég hef lesið opið bréf Jóns Inga Cæsarssonar dags. 23.5. til bæjarfulltrúa Akureyrarbæjar og tek heils hugar undir hvert orð hans.

Eftir sterk viðbrögð bæjarbúa á sl. ári gegn hugmynd um byggingu 8-11 hæða blokka á Oddeyrinni, var ég svo barnslega einföld að halda að skipulagssvið/ bæjarstjórn hefðu heyrt og virt andstöðu þeirra sem búa í þessum bæ og nú mundu þeir snúa sér aftur að upphaflega skipulaginu.

En, nei,

Nú þegar loks sér aftur til sólar eftir erfiða covidþoku er greinilegt að aðeins var beðið færís á að lauma þessu sem hljóðlegast í gegn, láta sem hlustað hafi verið á íbúa og lækka byggingarnar um 2-3 hæðir, byggja nú átta hæða blokkir og rústa ásýnd Oddeyrarinnar.

Þetta er ekki í þágu okkur sem hér búum, það vitum við.

Þetta lyktar af öðru en því að bera hag og ásýnd bæjarins okkar fyrir brjósti.

M.kv.

Jónína E. Þorsteinsdóttir

Hjallalundi 22

210546 2199

Sent from my iPad

Lilja Guðmundsdóttir <harry@nett.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Lilja Guðmundsdóttir <harry@nett.is>
Heiti : Lilja Guðmundsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 16.5.2020
Höfundur : Lilja Guðmundsdóttir <harry@nett.is>

Ég undirrituð mótmæli því harðlega að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 á svæði sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri um allt að 7 til 8 hæða hús verði reist á byggingareit 5.2.4 D- Reit milli Hjalteyrargötu og Laufásargötu. Talað er um nýtt kennileit fyrir Akureyri, er einhver þörf á því? við höfum nú þegar nokkur, en húsinn verða hinsvegar minnisvarðar um ótrúlega skamsýni og vitleysu um ókomna framtíð fyrir þá sem stóðu fyrir þessum framkvæmdum.
Lilja Guðmundsdóttir kt. 051255 4299 Lönguhlíð 8 Akureyri.

maggajons <margretjonsdottir@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : maggajons <margretjonsdottir@simnet.is>
Heiti : Margrét Jónsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : maggajons <margretjonsdottir@simnet.is>

Til þeirra er málið varðar.

Ég hef rekið leirverkstæði og gallerí á Oddeyrinni undanfarin 20 ár og það er ósk mín að Oddeyrin eigi eftir að byggjast upp en jafnframt halda sínum sérkennum sem gamall hluti bæjarins. Í flestum borgum og bæjum sem maður heimsækir, hvort sem er á Íslandi eða erlendis, þá leitar fólk alltaf í gömlu bæjarhlutana því þar býr sagan og sjarminn.

Akureyri á upphaf sitt að hluta til á Oddeyri og húsalengjan meðfram ströndinni hefur sterka sögulega skírskotun. Það er íbúum mikilvægt að varðveita fortíð bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frábær tilhugsun að Oddeyrin fái viðhald og endurnýjun sem sómi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá fódurtönkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhlökkunarefni og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Háhýsi í stíl spænskra sundlaugarhótela stingur þó í stúf eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað. og ég mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða hús, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrin myndar og er annar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áður nefndum tönkum undanskildum. Önnur hús í húsaröðinni eru 3-4 hæðir og ég mótmæli því að byggja hærri hús í Strandgötu.

Rannsóknir sýna að arkitektúr og hönnun hafa marktæk áhrif á andlega líðan og tilfinningar manna. Þar mega gróðrasjónarmið ein og sér ekki hafa yfirhöndina því byggingum er jú ætlað að standa um langan tíma. Ég leyfi mér að vitna til greinargerðar frá yfirvöldum í Suður -Oxfordhéraði í Bretlandi um hönnun húsa. Þar segir í lauslegri þýðingu:

Það er mikilvægt að byggingarstíll, arkitektúr, hönnun og efnisnotkun styðji þann stíl sem fyrir er í umhverfi húss. Slíkt ýtir undir sérstöðu og kemur í veg fyrir að hönnun fari út í eitthvað sem hægt er að finna hvar sem er. Taka þarf tillit til landslags og byggingarhefða sem fyrir eru, þeirra byggingarefna sem þar eru notuð, hlutfalla og mælikvarða. Nýjar byggingar ættu að falla inn í það sem fyrir er og vera jákvæð viðbót við umhverfi sitt. Þar sem engar hefðir eru fyrir ætti að vera í fyrirrúmi að skapa jákvæð áhrif og einkennandi fyrir byggingarstaðinn með rótum í sögu svæðisins. Öll þróun ætti að beinast að því að varðveita einkenni bæjarins og sjálfbærni.

Með bestu kveðjum
 Margrét Jónsdóttir leirlistakona
 Kotárgerði 29
 051061-5279

Heimildir:

https://scholarship.claremont.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2850&context=cmc_theses
[http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web](http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web_final%20Section%205%20Building%20design.pdf) final Section 5 Building design.pdf

From: [María Jónsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Mótmæli
Date: fimmtudagur, 28. maí 2020 00:05:25

Ég mótmæli fyrirhuguðum byggingaráformum á Eyrinni. Full ástæða að minna á að við búum í litlu bæjarfélagi með nægar byggingarlóðir en ekki í New York!

María Jóna Jónsdóttir
kennitala: 210454-2259

Maria Jonsdottir <msj969@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Maria Jonsdottir <msj969@gmail.com>
Heiti : María Sigríður Jónsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Maria Jonsdottir <msj969@gmail.com>

Mótmæli við breytingu á aðalskipulagi Akureyrar sem snýr að hluta Oddeyrarinnar.

Akureyri á upphaf sitt að hluta til á Oddeyri og húsalengjan meðfram ströndinni hefur sterka sögulega skírskotun.

Það er íbúum mikilvægt að varðveita fortíð bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frábær tilhugsun að Oddeyrin fái viðhald og endurnýjun sem sómi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá föðurtönkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhlökkunarefni, og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Háhýsi í stíl spænskra sundlaugarhótela stingur þó í stúf eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað og ég mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða hús, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrin myndar og er annar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áður nefndum tönkum undanskildum. Önnur hús í húsaröðinni eru 3-4 hæðir og ég mótmæli því að byggja hærri hús í Strandgötu.

Rannsóknir sýna að arkitektúr og hönnun hafa marktæk áhrif á andlega líðan og tilfinningar manna. Þar mega gróðrasjónarmið ein og sér ekki hafa yfirhöndina því byggingum er jú ætlað að standa um langan tíma.

Ég leyfi mér að vitna til greinargerðar frá yfirvöldum í Suður -Oxfordhéraði í Bretlandi um hönnun húsa. Þar segir í lauslegri þýðingu:

Það er mikilvægt að byggingarstíll, arkitektúr, hönnun og efnisnotkun styðji þann stíl sem fyrir er í umhverfinu. Slíkt ýtir undir sérstöðu og kemur í veg fyrir að hönnun fari út í eitthvað sem hægt er að finna hvar sem er. Taka þarf tillit til landslags og byggingarhefða sem fyrir eru, þeirra byggingarefna sem þar eru notuð, hlutfalla og mælikvarða. Nýjar byggingar ættu að falla inn í það sem fyrir er og vera jákvæð viðbót við umhverfi sitt. Þar sem engar hefðir eru fyrir ætti að vera í fyrirrúmi að skapa jákvæð áhrif og einkennandi fyrir byggingarstaðinn með rótum í sögu svæðisins. Öll þróun ætti að beinast að því að varðveita einkenni bæjarins og sjálfbærni.

Ég treysti því að bæjaryfirvöld á Akureyri sjái sóma sinn í því að viðhalda því orði sem Akureyri hefur haft á sér sem fegursti bær landsins og byggji upp fallett og mannlegt umhverfi sem ekki er einungis smitað af gróðahyggju,

Með bestu kveðjum

María Sigríður Jónsdóttir

Hamragerði 21

0904693209

Heimildir:

<https://scholarship.claremont.edu/cgi/viewcontent.cgi...>

[http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web final Section 5 Building design.pdf](http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web%20final%20Section%205%20Building%20design.pdf)

Móheiður Guðmundsdóttir <moheidurg@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Móheiður Guðmundsdóttir <moheidurg@simnet.is>
Heiti : Móheiður Guðmundsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Móheiður Guðmundsdóttir <moheidurg@simnet.is>

Mótmæli við breytingu á aðalskipulagi Akureyrar sem snýr að hluta Oddeyrarinnar

Akureyri á upphaf sitt að hluta til á Oddeyri og húsalengjan meðfram ströndinni hefur sterka sögulega skírskotun. Það er íbúum mikilvægt að varðveita fortíð bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frábær tillugsun að Oddeyrin fái viðhald og endurnýjun sem sómi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá fódurtönkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhlökkunarefni og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Háhýsi í stíl spænskra sundlaugarhótela stingur þó í stúf eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað. og ég mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða hús, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrin myndar og er annar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áður nefndum tönkum undanskildum. Önnur hús í húsaröðinni eru 3-4 hæðir og ég mótmæli því að byggja hærri hús í Strandgötu.

Rannsóknir sýna að arkitektúr og hönnun hafa marktæk áhrif á andlega líðan og tilfinningar manna. Þar mega gróðrasjónarmið ein og sér ekki hafa yfirhöndina því byggingum er jú ætlað að standa um langan tíma.

Ég leyfi mér að vitna til greinargerðar frá yfirvöldum í Suður -Oxfordhéraði í Bretlandi um hönnun húsa. Þar segir í lauslegri þýðingu:

Það er mikilvægt að byggingarstíll, arkitektúr, hönnun og efnisnotkun styðji þann stíl sem fyrir er í umhverfi húss. Slíkt ýtir undir sérstöðu og kemur í veg fyrir að hönnun fari út í eitthvað sem hægt er að finna hvar sem er. Taka þarf tillit til landslags og byggingarhefða sem fyrir eru, þeirra byggingarefna sem þar eru notuð, hlutfalla og mælikvarða. Nýjar byggingar ættu að falla inn í það sem fyrir er og vera jákvæð viðbót við umhverfi sitt. Þar sem engar hefðir eru fyrir ætti að vera í fyrirrúmi að skapa jákvæð áhrif og einkennandi fyrir byggingarstaðinn með rótum í sögu svæðisins. Öll þróun ætti að beinast að því að varðveita einkenni bæjarins og sjálfbærni.

Móheiður Guðmundsdóttir
 Kotárgerði 29, 600 Akureyri
 270993-3899

Heimildir:

https://scholarship.claremont.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=2850&context=cmc_theses
<http://www.southoxon.gov.uk/sites/default/files/assets/web> final Section 5 Building design.pdf

Níels Einarsson <ne@unak.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Níels Einarsson <ne@unak.is>
Heiti : Níels Einarsson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Níels Einarsson <ne@unak.is>

Akureyri 26.05 2020

Til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar

Ábendingarnar eru eftirfarandi:

? Tillaga að nýju aðalskipulagi gerir ráð fyrir algjörri stefnubreytingu frá því skipulagi sem var samþykkt árið 2018 og heimilaði 3-4 hæða byggingar á umræddu svæði. Það skipulag var í samræmi við lágreist umhverfið en myndi jafnframt stuðla að þéttingu byggðar. Að reisa 8 hæða háhýsi er hinsvegar gjörsamlega á skjön við heildarútlit Oddeyrarinnar sem og Akureyrar. Minjastofnin taldi háhýsi á þessum reit ekki viðeigandi og gerði athugasemdir við skipulagið, en samt sem áður á aðeins að lækka húsin um 3 hæðir. Hvers vegna er talið eðlilegt að byggja hús af þessari stærðargráðu í lágreistri gamalli byggð þar sem þau eru mest áberandi og breyta ásýnd bæjarins?

? Fyrir hvaða markað og kaupendur eru fjölbýlishúsin hugsuð? Nú standa t.d. enn margar íbúðir auðar í Austurbrún og bygging ekki hafin á þriðja húsinu þar.

? Hver eru áformin um uppbyggingu á reitunum í kring? Mun verðmæti þeirra rýrna vegna skuggavarps? Hér er veruleg hættu á að geti myndast akureyskt Skuggahverfi. Nú er einnig mikilvæg atvinnustarfsemi svo sem blikksmiðja og vöruhöfn í næsta nágrenni. Mun t.d. óhjákvæmilegur hávaði og önnur mengun frá nærliggjandi hafnarsvæði, ekki síst vegna heilsuspillandi útblásturs skemmtiferðaskipa (sjá hlekk að neðan), vera ásættanleg fyrir verðandi íbúa þessara bygginga og pólitískt kjörna fulltrúa þeirra í bæjarstjórn, eða eru áform um að færa þessa starfsemi annað?

? Það má gera ráð fyrir aukinni umferð og bílum á svæðinu. Eiga þau börn sem þar búa að ganga yfir fjölfarna umferðagötu á leið sinni í skólann?

? Þá má einnig velta fyrir sér hvort Oddeyrin sé yfir höfuð skynsamleg staðsetning fyrir fjölbýlishús af þessari stærð vegna hækkandi yfirborðs sjávar og þeirra mörgu vandamála sem því fylgja fyrir lágt liggjandi strandsvæði, ekki síst varðandi sjávarflóð og frárennslismál.

<https://www.forbes.com/sites/jamesellsmoor/2019/04/26/cruise-ship-pollution-is-causing-serious-health-and-environmental-problems/#2abb894a37db>

Virðingarfyllst,

Dr. Niels Einarsson

kt. 270262-2799

Álfabyggð 8

Akureyri

From: odsn@internet.is
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Ábendingar til Akureyrarbæjar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi á Oddeyri
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:41:22

Akureyri 27.05 2020

Berist til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar

Ábendingarnar eru eftirfarandi:

- Tillaga að nýju aðalskipulagi gerir ráð fyrir algjörrri stefnubreytingu frá því skipulagi sem var samþykkt árið 2018 og heimilaði 3-4 hæða byggingar á umræddu svæði. Það skipulag var í samræmi við lágreist umhverfið en myndi jafnframt stuðla að þéttingu byggðar. Að reisa 8 hæða háhýsi er hinsvegar gjörsamlega á skjön við heildarútlit Oddeyrarinnar sem og Akureyrar. Minjastofnin taldi háhýsi á þessum reit ekki viðeigandi og gerði athugasemdir við skipulagið, en samt sem áður á aðeins að lækka húsin um 3 hæðir.e. úr 11 hæðum í 8 hæðir. Hvers vegna er talið eðlilegt að byggja hús af þessari stærðargráðu í lágreistri gamalli byggð þar sem þau eru mest áberandi og breyta ásýnd bæjarins? Byggingarmassinn minnir á skemmtiferðaskip á sterum og er ekki til sóma fyrir ásýnd bæjarins.

- Fyrir hvaða markað og kaupendur eru fjölbýlishúsin hugsuð? Nú standa t.d. enn margar íbúðir auðar í Austurbrún og bygging ekki hafin á þriðja húsinu þar.

- Hver eru áformin um uppbyggingu á reitunum í kring? Mun verðmæti þeirra rýrna vegna skuggavarps? Hér er veruleg hætta á að geti myndast akureyskt Skuggahverfi. Nú er einnig mikilvæg atvinnustarfsemi svo sem blikksmiðja og vöruhöfn í næsta nágrenni. Mun t.d. óhjákvæmilegur hávaði og önnur mengun frá nærliggjandi hafnarsvæði, ekki síst vegna heilsuspillandi útblásturs skemmtiferðaskipa (sjá hlekk að neðan), vera ásættanleg fyrir verðandi íbúa þessara bygginga og pólitískt kjörna fulltrúa þeirra í bæjarstjórn, eða eru áform um að færa þessa starfsemi annað?

- Það má gera ráð fyrir aukinni umferð og bílum á svæðinu. Eiga þau börn sem þar búa að ganga yfir fjölfarna umferðagötu á leið sinni í skólann?

- Þá má einnig velta fyrir sér hvort Oddeyrin sé yfir höfuð skynsamleg staðsetning fyrir fjölbýlishús af þessari stærð vegna hækkanði yfirborðs sjávar og þeirra mörgu vandmála sem því fylgja fyrir lágt liggjandi strandsvæði, ekki síst varðandi sjávarflóð og frárennslismál.

- Þá má einnig benda á að svona háar byggingar munu hafa áhrif á aðflug að flugvellinum og geta þess vegna skert framtíðarmöguleika á frekari uppbyggingu alþjóðaflugsamgangna til og frá Akureyri

Virðingarfyllst,

Oddný Stella Snorrdóttir
kt 3008602149
Álfabyggð 8
Akureyri

From: [Rannveig Jóhannsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Breyting á skipulagi á Oddeyri
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 17:22:24

Sæll/Sæl,

Ég vil mótmæla fyrirhugaðri breytingu á skipulagi á Oddeyri er snýr að byggingu háhýsis. Slík bygging er í hrópandi ósamræmi við þá byggð sem fyrir er og mun að mínu mati eyðileggja bæjarmyndina.

Ég vona að þið hlustið á bæjarbúa umfram verktaka í þessu máli, þetta er okkar bær.

Rannveig Jóhannsdóttir
090180-4609
Spónsgerði 4

From: [Serena Pedrana](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Skipulagssviðs Akureyrarbæjar
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 18:43:07

Góðan daginn,

Við búum á eyrinni síðan júlí 2015 og við höfum keypt íbúð á þessu svæði sérstaklega vegna fegurðar hennar, húsin hér eru lítil og sæt og þetta er það sem gerir þetta svæði svona falleg!

Þessi bygging sem þið ætluð að reisa á þessu svæði er bara svo ljótt og passar ekki við stíl þessa svæðis, það er of stórt og enginn á svæðinu samþykkir að hafa það!

Serena Simona Pedrana 281090-3649 eiðsvallagata 1 að austan
Giacomo Montanelli 280285-4639 eiðsvallagata 1 að austan
Markus Meckl 220167-2329 Frodasund 9

Sigfús Aðalsteinsson <sigfus@giljaskoli.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Sigfús Aðalsteinsson <sigfus@giljaskoli.is>
Heiti : Sigfús Aðalsteinsson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 21.5.2020
Höfundur : Sigfús Aðalsteinsson <sigfus@giljaskoli.is>

? Nýlega gert aðalskipulag í samhengi við rammaskipulag á Oddeyri var vönduð vinna, unnin í góðu samráði á löngum tíma. Það er ekki skynsamlegt að rjúfa þá sátt vegna sérpöntunar verktaka á reit sem er lykilreitur í væntanlegri uppbyggingu á svæðinu.

? Leitast skal við að húsagerð og hæð húsa falli að umhverfi sínu í þéttingu byggðar. Engar hugmyndir um húsagerð fylgja þessari tillögu og því erfitt fyrir íbúa og aðra að átta sig á umfangi sem rætt er um í breytingu að aðalskipulagi.

? Hæð húsa á þessum reit mun spilla fyrir uppbyggingu á reitum austan og norðan við þar sem hæð húsanna og skuggavarp frá þeim mun örugglega hafa áhrif á öllu svæðinu þar sem áform eru um uppbyggingu samkvæmt nýgerðu aðalskipulagi. Það er bæjaryfirvalda að stýra uppbyggingu í þéttingu byggðar en ekki verktaka

? Þetta er það svæði á Akureyri sem hentar vel eldra fólki sem vill komast gangandi frá húsum sínum. eins til tveggja hæða einbýli eða parhús er það sem hentar þessu svæði vel og eru líka þær eignir sem eldra fólk sækir eftir.

? Afleiðingar á umferð á svæðinu eru miklar og það væru vönduð vinnubrögð að hafa kannað slíkt áður en hráar hugmyndir verktaka er ætlað að stýra aðalskipulagi á svæðinu. Það hefur ekki verið gert.

? Tillögur af þessu tagi lýsa fullkomnu virðingarleysi við það sem fyrir er og Gránufélagshúsunum er sýnd algjör vanvirða. Gránufélagshúsin eru lykilhús Oddeyrar og tákn þess sem mótaði byggð á Eyrinni. Að setja slík háhýsi í bakgarð þeirra er vondur gjörningur. Enda mælti Minjastofnun eindregið gegn háhýsum á þessu svæði.

? Ásýnd Akureyrar gjörbreytist og þessi háu hús hafa mjög mikil áhrif á svæðið sama hvaðan úr bænum litið með neikvæðum hætti. Þessi áform koma öllum bæjarbúum við en ekki eingöngu íbúum á Oddeyri. Sú staðreynd að lækka hús í 8 hæðir breytir ekki þeim veruleika. 8 hæðir eru í engum takti við aðra byggð í hverfinu.

? Tilmæli Skipulagsstofnunar eru hunsuð og skipulagsráð skautar framhjá þeim eðlilegum vinnubrögðum að hafa samráð á vinnslustigi við íbúa og fleiri. Sannarlega óvönduð vinnubrögð. Sjá umsögn Skipulagsstofnunar frá 2019.

? Í umsögn Skipulagsstofnunar segir að ljóst sé að hugmyndirnar feli í sér þéttari og hærri byggð en stefnt er að í rammaskipulagi Oddeyrar. Þetta muni fela í sér breytingu á ásýnd Oddeyrar og bæjarmynd Akureyrar. Skipulagsstofnun gagnrýnir þess að auki hvernig staðið var að kynningu af hálfu bæjarins. Mikilvægt sé að við svo veigamiklar breytingar í gróinni byggð, verði íbúar og aðrir hagsmunaaðilar að geta fylgst með og komið að mótun slíkrar tillögu á vinnslustigi. Þá sé óljóst hvaða forsendur liggi að baki svo viðamiklum breytingum á aðalskipulagi

Sigfús Aðalsteinsson. Beykilundi 5. 600 Akureyri. kt. 2110607949

spals44@internet.is <spals44@internet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : spals44@internet.is <spals44@internet.is>
Heiti : Sigurbjörg Pálsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 21.5.2020
Höfundur : spals44@internet.is <spals44@internet.is>

Efni: Athugasemdir við tillögu breytingu á aðalskipulagi á Oddeyrinni, Akureyri.

Góðan dag.

Ég áframsendi sömu mótmæli og fyrr.
 Ég tel að við eigum að slá þessa tillögu af.
 Það skiptir ekki máli 8 eða 11 hæðir.
 Það var vitað fyrirfram að þessi úrelta ómerkilega leið yrði farin - hún er þekkt.

On 2020-05-17 23:32, spals44@internet.is wrote:

> ----- Original Message -----
 > Efni: Athugasemdir við tillögu breytingu á aðalskipulagi á
 > Oddeyrinni, Akureyri
 > Dags: 2019-10-30 21:33
 > Sendandi: spals44@internet.is
 > Viðtakandi:
 >
 > Skipulagssvið Akureyrarbæjar
 >
 > Varðar: Athugasemdir við tillögu / breytingu á aðalskipulagi á
 > Oddeyri, Akureyri
 >
 > Margar spurningar vakna við skoðun á tillögu um breytingu á
 > aðalskipulagi á Oddeyrinni. Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn
 > Akureyrar árið 2018.
 >
 > Skipulagstillagan var kynnt á íbúafundi þar sem íbúum var gefinn
 > kostur á að tjá sig um kosti og galla og bera upp spurningar.
 > Kynningin á tillögunni fólst í að segja með faguryrðum hvað þetta sé
 > framúrskarandi góð tillaga og teikningar sýndar, sem í
 > stærðarhlutföllum gefa ranga mynd. Augljóst var af umræðunum á
 > þessum
 > mjög svo fjölmenna kynningarfundum að hér er um umdeilt mál að ræða.
 > Umræðan í kjölfar kynningarinnar var neikvæð.
 >
 > Ég tel að við eigum að slá þessa tillögu út af borðinu strax.
 > Ástæðurnar eru þessar:
 >
 > 1. Nýtt ÓUMDEILT aðalskipulag 2018 var samþykkt og nýtur stuðnings
 bæjrsrbúa.
 > 2. Einn verktaki á ekki að ráða skipulagi bæjarins eða fá sérstaka
 > þjónustu í trássi við vilja íbúa og í trássi við nýlega samþykkt
 > aðalskipulag

- > 3. Tillagan er slæm því verktaki á ekki lóðirnar nema að litlum hluta
- > 4. Tillagan er slæm því ekki er tekið tillit til nærumhverfisins
- > 5. Tillagan er slæm því ekkert samráð hefur verið haft við íbúana á
- > fyrstu stigum málsins
- > 6. Tillagan er slæm því engin virðing er borin fyrir friðuðu húsi og
- > heildarmynd svæðisins
- > 7. Tillagan er slæm því hún mun sennilega skerða aðflugsleið eins og
- > fram kom hjá sérfræðingum á fundinum
- > 8. Tillagan er slæm því hún mun skerða útsýni víða í bænum og húsin
- > varpa skuggum
- > 9. Tillagan er slæm því hún styður ekki markmið bæjarins í
- > skipulagsmálum, sbr.
- >
- > https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Adalskipulagid/ASK2018-2013/Samthykkt_skipulagsgogn/adalskipulag-akureyrar-2018-2030-greinargerd.pdf?fbclid=IwAR3MJxcM5gp5nteeSPXL6r29bFEfpW5k32YII56dhYdVKnb-zfVtd5M2Fs
- > 10. Tillagan er slæm því hún stríðir á móti markmiðum Sameinuðu
- > þjóðanna varðandi skipulagsmál og varðveitingu menningarverðmæta
- > 11. Tillagan er slæm því allt of mörgum spurningum er ósvarað. Má þar
- > nefna hvernig sjávarstaða mun breytast, hvaða áhrif tillagan mun hafa
- > á flug og flugöryggi o.fl. o.fl.
- > 12. Tillagan er slæm því það mun fylgja því mikill kostnaður að vinna
- > hana áfram
- >
- > Hér með vitna ég í nokkrar umsagnir, máli mínu til stuðnings:
- >
- > - Rangar áherslur:
- >
- > http://hallgrimur.is/mestu-mali-skiptir/?fbclid=IwAR2b38GGWeM3hQuWWALEmb1UY1nrf9pvocx8PV15tkcL2weyeFX_ryQGmsM
- > - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 11.4. Blásið til sóknar til þess að
- > vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins:
- >
- > <https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/?fbclid=IwAR0eIyt9bFahQbfvpTkFRfuGugzHM4FxDxDtcZJmOJC1bdCV8fwibs9Gawg>
- >
- > Komið hefur fram í viðtölum við arkitektinn að hann hafi ekki kynnt
- > sér aðalskipulagið sérstaklega áður en hann vann tillöguna og ber hún
- > þess óneitanlega merki. Hönnunin er í engu samræmi við byggðina á
- > Oddeyri og mun hún breyta ásjón Akureyrar til hins verra ef af
- > verður.
- >
- > Ég tel mjög ólíklegt að stuðningur sé meðal íbúa við það að
- > skattpeningarnir okkar verði settir í þetta verkefni. Ég treysti því
- > að íbúar Akureyrarbæjar geti haft bein áhrif - að íbúalýðræðið verði
- > virt. Ég hvet eindregið til þess að tillögunni verði hafnað.
- >
- > Virðingarfyllst,
- > Sigurbjörg Pálsdóttir
- > 181244-2679

Snæbjörn Bragason <snaebjornbraga@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Snæbjörn Bragason <snaebjornbraga@gmail.com>
Heiti : Snæbjörn Bergmann Bragason
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Snæbjörn Bragason <snaebjornbraga@gmail.com>

Góðan dag,

? Tillaga að nýju aðalskipulagi gerir ráð fyrir algjörrri stefnubreytingu frá því skipulagi sem var samþykkt árið 2018 og heimilaði 3-4 hæða byggingar á umræddu svæði. Það skipulag var í samræmi við lágreist umhverfið en myndi jafnframt stuðla að þéttingu byggðar. Að reisa 8 hæða háhýsi er hinsvegar gjörsamlega á skjön við heildarútlit Oddeyrarinnar sem og Akureyrar. Minjastofnin taldi háhýsi á þessum reit ekki viðeigandi og setti út á skipulagið, en samt sem áður á aðeins að lækka húsin um 3 hæðir. Hvers vegna er talið eðlilegt að byggja hús af þessari stærðargráðu í lágreistri gamalli byggð þar sem þau eru mest áberandi og breyta ásýnd bæjarins?

? Uppbygging er vissulega jákvæð það er ekki hægt að setta sig við hvað sem er, bara vegna þess að það hentar einum byggingaraðila.

? Fyrir hvaða markað og kaupendur eru fjölbýlishúsin hugsuð? Nú standa t.d. enn margar íbúðir auðar í Austurbrún og bygging ekki hafin á þriðja húsinu þar.

? Hver eru áformin um uppbyggingu á reitunum í kring? Mun verðmæti þeirra rýrna vegna skuggavarps? Hér er veruleg hætta á að geti myndast akureyskt Skuggahverfi. Nú er einnig mikilvæg atvinnustarfsemi svo sem blikksmiðja og vöruhöfn í næsta nágrenni. Mun t.d. óhjákvæmilegur hávaði og önnur mengun frá nærliggjandi hafnarsvæði, ekki síst vegna útblásturs skemmtiferðaskipa, vera ásættanleg fyrir komandi íbúa þessara bygginga eða eru áform um að færa þessa starfsemi annað?

? Það má gera ráð fyrir aukinni umferð og bílum á svæðinu, eiga þau börn sem þar búa að ganga yfir fjölfarna umferðagötu á leið sinni í skólann?

? Þá má einnig velta fyrir sér hvort Oddeyrin sé yfir höfuð skynsamleg staðsetning fyrir fjölbýlishús af þessari stærð vegna hækkandi yfirborðs sjávar og þeirra mörgu vandmála sem því fylgja fyrir lágt liggjandi strandsvæði, ekki síst varðandi sjávarflóð og frárennslismál.

Með kveðju,

Snæbjörn Bergmann Bragason, kt 141089-3589

Hafnarstræti 33, 600 Akureyri.

Skipulagssvið Akureyrarbæjar
Geislagata 9
600 Akureyri

Erindi: Drög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri

Skipulagsráð Akureyrarbæjar kynnir, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem nær til göturreits sem afmarkast af Hjalteyrargötu í vestri, Kaldbaksgötu í austri, Gránufélagsgötu í norðri og Strandgötu í suðri.

Undirritaður lýsir yfir ánægju með umrædda aðalskipulagsbreytingu. Svæðið sem um ræðir (og mun stærra svæði á Oddeyrinni ef út í það er farið) er engum til sóma og eru þar núna skemmur, illa viðhaldin hús, rusl og bílhæ. Er það bæjarmyndin sem andstæðingar skipulagsbreytingarinnar vilja varðveita?

Það er augljóst að það skipulag og sú stefna sem hefur verið í gildi á Oddeyrinni hefur ekki verið að virka, svæðið hefur grotnað niður og breytinga er þörf. Meira af því sama mun ekki virka heldur er þörf á metnaðarfullum og stórhuga breytingum. Þessi nýja byggingum mun vissulega vera áberandi og mun hærri en núverandi byggð, en á Manhattan voru einu sinni engir skýjakljúfar og ef við tækjum aldrei skref fram á við þá væru engin hús á Íslandi hærri en tvær hæðir.

Akureyrarbær á lítið land og nauðsynlegt er að þetta byggð til að fresta því að þenja bæinn frekar út að óþörfu. Nauðsynlegt er þó að verja græn svæði eins og Kotárborgir, Glerárgil o.fl., en svæðið sem hér um ræðir er raskað athafnasvæði. Slíkir reitir ættu að vera í algjöru forgangi þegar kemur að þéttingu byggðar en “gallinn” við þá reiti er að þeir eru dýrir í uppbyggingu (kaupa lóðir og fasteignir á markaðsverði og rífa núverandi byggingar), sérstaklega þegar þeir eru svona lágt yfir sjávarmáli. Til að það sé hægt að ráðast í alvöru uppbyggingu og gera e-ð metnaðarfullt fyrir þetta svæði þá verða að vera nógu margar íbúðir til að bera kostnaðinn við framkvæmdirnar.

Það er ekkert skuggavarp á íbúðabyggð eftir kl. ~11 á morgnana þar sem þessi háa bygging er austan við alla aðra íbúðabyggð. Mikilvægt er þó að hönnun takist vel og að mikið sé lagt í að byggingin líti vel út og myndi ekki vindstrengi niðri við jörðu.

Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi við umrædda aðalskipulagsbreytingu.

Snævarr Örn Georgsson
Kt. 060590-2659
Umhverfisverkfræðingur
Kambagerði 7
600 Akureyri

Sólveig Jóhannsdóttir <solveigjohanns@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Sólveig Jóhannsdóttir <solveigjohanns@gmail.com>
Heiti : Sólveig Jóhannsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 26.5.2020
Höfundur : Sólveig Jóhannsdóttir <solveigjohanns@gmail.com>

Góðan dag

Ég er algjörlega mótfallinn þessari tillögu, hún felur í sér meiriháttar breytingu á ásýnd bæjarins.

Við veljum okkur fólk til að stjórna bænum til 4 ára í senn, gott væri að vinna við þessa skipulagsbreytingu færi yfir á næsta kjörtímabil.

Núverandi skipulag frá 2018 sem unnið er í samvinnu við marga hagsmunaaðila á að gilda.

Skipulagsstofnun lagði ríka áherslu á að samráð yrði við íbúa og aðra hagsmunaaðila, það hefur ekki verið gert.

Uppbygging á Eyrinni er sjálfsögð en ekki svona háhýsi. Þrátt fyrir að lækkað sé úr 11 í 8 hæðir þá er þetta alltof hátt.

Mikil hætta er á auknum vind í kringum svo háar byggingar.

Einnig er fráleitt að byrja syðst á svo háum húsum.

Ég ítreka aftur - Látið þá hafa samband sem vilja þetta og þá sjáum við áhugann. -

Svo er alveg óvíst hversu vinsælt þetta verðu þegar fólk heyrir ónæði þarna, skipakomur flestar nætur/morgna yfir sumarið.

Skipsflaut seinnipartinn þegar þau kveðja okkur og hvert annað.

Rútur í röðum sem spúa reyk í bland við reykinn frá skipunum.

Uppskipun og útskipun á kvöldin og fram á nætur með tilheyrandi hávaða frá risa krönum og gámaglamri.

Sólveig Jóhannsdóttir

090261 7469

Ránargötu 9, Akureyri

Akureyri 27. maí 2020

Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Vegna tillögu Skipulagsráðs Akureyrar um breytingu á rammaskipulagi Oddeyrar

Ég, undirrituð, lýsi yfir mikilli andstöðu við vinnubrögð Skipulagsráðs Akureyrarbæjar í tvígang við gerð og birtingu nýs aðalskipulags fyrir hluta Oddeyrar. Bæði er illskiljanlegt að ráðist sé í gerð nýs skipulags þegar fyrir liggur nýlegt skipulag fyrir svæðið (frá 2018) sem unnið var í góðri sátt við íbúa og aðra hagsmunaaðila og eins er áhersla nýrra tillagna á miklu háreistari byggð en í fyrra skipulagi algerlega á skjön við vilja íbúa Eyrarinnar og stingur mjög í stúf við þá lágreistu byggð sem einkennir svæðið – og sátt hefur ríkt um. Að auki er vandskilið og mjög athugavert að Skipulagsráð Akureyrarbæjar taki ekki til sín ábendingu Skipulagsstofnunar eftir framlagningu fyrri tillögu sinnar um samráð við íbúa og hagsmunaaðila við gerð nýrrar tillögu – en leggur í annað skipti fram tillögu með mun hærri leyfðri byggð en fyrirbyggjandi skipulag gerir ráð fyrir án nokkurs samráðs. Sú breyting á ásýnd Eyrarinnar sem yrði skv. nýrri tillögu yrði nánast skemmdarverk á svæðinu og úr öllum takti við það sem fyrir er - og það sem Akureyringar vilja. Það er löngu kominn tími til að Eyrin fái upplyftingu og margt þarf að færa til betri vegar – til þess er fyrirbyggjandi skipulag tilfallið og alger óþarfi að fara fram með slíkum hætti sem Skipulagsráð hefur gert nú í tvígang. Ég vænti þess að Skipulagsráð Akureyrarbæjar dragi breytingartillögu sína til baka og haldi sig við – og hefjist handa – við fyrirbyggjandi aðalskipulag á Oddeyrinni.

Sólveig Jónsdóttir (150656-3899)
Víðivöllum 12
600 Akureyri

Stefan Berg Rafnsson <stebbiberg@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Stefan Berg Rafnsson <stebbiberg@gmail.com>
Heiti : Stefán Berg Rafnsson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 27.5.2020
Höfundur : Stefan Berg Rafnsson <stebbiberg@gmail.com>

Komið þið sæl. Mig langar að koma með athugasemd við þessar hugmyndir um háhýsi á eyrinni. Ég er alinn upp hér á eyrinni en flutti svo í burtu fyrir mörgum árum en flutti tilbaka hingað á síðasta ári og ég er með ferska sýn á minn gamla heimabæ. Oddeyrin og innbærinn eru svo gamaldags og hugguleg hverfi að þau ætti að varðveita og betrumbæta og passa upp á að raska ekki þessum sjarma sem hverfin hafa. Þrjár hæðir og ris ætti að vera algjört hámark hér á Oddeyrinni og ætti að reyna að teikna hús sem kallast á við gamla byggingarstílinn sem fyrir er. Verndun og friðun ætti að vera í forgangi. Passa ætti að byggja ekki fyrir náttúrusýn og athuga gaumgæfilega skuggavarp og muna þá að hér er sólin aðeins hátt á lofti í stuttan tíma á ári. Ef vilji er fyrir háhýsum á Akureyri ætti að hanna þau inn í ný hverfi en ekki inn í rótgróin gömul hverfi þar sem þau skekkja heildarmyndina. Ég vann við módelsmíði hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur við að gera líkön af hverfum í Reykjavík sem notuð voru við skipulagsvinnu og ég get sagt ykkur að það kom mörgum á óvart sem skoðuðu módelin og sáu þá heildarmyndina í nýju ljósi eftir að hafa verið að horfa á tölvuteikningar sem geta verið ansi söluvænlegar og jafnvel annað slagið blekkjandi. Ég bið ykkur að leyfa gömlu byggðinni að njóta vafans, takið mark á okkur íbúum og ég vona heilshugar að ykkur þyki vænt um bæinn okkar og viljið varðveita gömlu hverfin sem eru jú einnig söguminjar.

Kær kveðja.

Stefán Berg Rafnsson
Ránargata 11
600 Akureyri
Kt 050370-4109

stebbisteind@simnet.is <stebbisteind@simnet.is>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : stebbisteind@simnet.is <stebbisteind@simnet.is>
Heiti : Stefán H. Steindórsson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 24.5.2020
Höfundur : stebbisteind@simnet.is <stebbisteind@simnet.is>

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagsbreytingar á Oddeyri sem nú er í auglýsingu.

Sex til átta hæða hús á þessum stað munu gjörbreyta ásýnd bæjarins og götumynd Strandgötu til hins verra að mínu mati.

Skuggavarþ umræddra bygginga ásamt áhrifum á vindafar á svæðinu verða sennilega mikil og ekki til bóta fyrir íbúa.

Aðra hluta þróunarreits sem afmarkast af Hjalteyrargötu og Laufásgötu ætti að skipuleggja samhliða til að fyrirbyggja að notagildi þeirra rýrni til framtíðar vegna þess sem þarna yrði mögulega framkvæmt.

Að framansögðu lýsi ég mig andvígán þessari breytingu og tel farsælast að vinna eftir núverandi skipulagi.

Stefán H. Steindórsson
181168-5959

Get [Outlook fyrir Android](#)

Akureyri 24/5 2020

Athugasemdir við breytingar á skipulagi á Oddeyri

Ég Steindór Stefánsson eigandi lóðar Steandgötu 47 að hluta mótmæli því að breytingar verð gerðar á núverandi skipulagi á reitnum sem afmarkast af Strandgötu Hjalteyrargötu Gránufélagsgötu og Kaldbaksgötu.

Þær breytingar sem nú hafa veið kynntar eru gamalkunnar og hafa lítið breyst frá síðustu breytingatillögum einnig vil ég nefna skuggavarp sem er verulegt.

Ef götumyndin er skoðuð með húsum af þeirri stærð sem breytingartillagan gerir ráð fyrir sem bakmynd af Gránufélagshúsunum sést hversu fáránlegt þetta er.

Auk þess finnst mér ekki boðlegt að byggja háhýsi sem tróna yfir Gránufélagshúsin sem eru friðuð og sóma sér vel sem framhlið við Strandgötuna.

Steindór Stefánsson 1105457469

Kleifargerð 1

600 Akureyri.

Sveinbjörn Egilson <spanaribudir@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Sveinbjörn Egilson <spanaribudir@gmail.com>
Heiti : Sveinbjörn Egilson
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 23.5.2020
Höfundur : Sveinbjörn Egilson <spanaribudir@gmail.com>

Góðan daginn.

Ég mótmæli þessari skipulagstillögu og tel að bæjaryfirvöld séu nánast að fara að vilja byggingarverktakans og hunsa álit fjölmargra bæjarbúa. Mitt álit er að byggðin á Oddeyrinni eigi að vera lágreist, hámark 3-4 hæðir og það eigi að halda í það samræmi sem er þar fyrir.

Kveðja,
Sveinbjörn Egilson
Hamarstigur 28
600 Akureyri
Kt. 011067-4339

From: [Særún Halldórsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd vegna skipulagsbreytinga
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 21:16:20

- Nýlega gert aðalskipulag í samhengi við rammaskipulag á Oddeyri var vönduð vinna, unnin í góðu samráði á löngum tíma. Það er ekki skynsamlegt að rjúfa þá sátt vegna sérþöntunar verktaka á reit sem er lykilreitir í væntalegri uppbyggingu á svæðinu.
- Samræmi í húsagerð og hæð húsa er út takti við annað á svæðinu og er ekki í samræmi við vönduð vinnubrögð í uppbyggingu við eldri svæði. Leitast skal við að húsagerð og hæð húsa falli að umhverfi sínu í þéttingu byggðar. Í því sambandi má benda á Húsakönnun frá 1995 sem unnin var af Minjasafninu á Akureyri í samvinnu við skipulagsdeild Akureyrarbæjar þar segir “ Strandgata 37 spillir umhverfi sínu vegna stærðar og gerðar” Hvað er þetta þá?
- Tillagan gerir Gránufélagshúsin hjákátleg og smánarleg og þeim er sýnt fullkomið virðingarleysi, hús sem eru alfriðuð. Þetta mun eyðileggja ásýnd þeirra og Akureyrar allrar.
- Hæð og gerð húsa á þessum reit mun spilla fyrir uppbyggingu á eyrinni allri. Það er bæjaryfirvalda að stýra uppbyggingu í þéttingu byggðar en ekki verktaka.
- Skipulagsstofnun gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Akureyrarbæjar varðandi framsetningu á fyrri tillögu. Þá sé óljóst hvaða forsendur liggja að baki svo viðamiklli breytingu á aðalskipulagi.
- Það að hleypa þessari tillögu svona langt vekur upp þá spurning hvort að bæjaryfirvöld gangi erinda verktaka?

Særún Halldórsdóttir

Kt: 251197-2969

Strandgata 43, 600 Akureyri

Tinna Gunnur Bjarnadóttir <tinnagunnur@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Tinna Gunnur Bjarnadóttir <tinnagunnur@gmail.com>
Heiti : Tinna Gunnur Bjarnadóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 15.5.2020
Höfundur : Tinna Gunnur Bjarnadóttir <tinnagunnur@gmail.com>

Heil og sæl.

Ég heiti Tinna og bý við Aðalstræti. Ég las yfir tillöguna að byggingarframkvæmd á Oddeyri þar sem ég hef fylgst nokkuð með umræðunni hvað varðar nýbyggingu á hafnarsvæðinu og fann mig knúna til að senda nokkrar línur.

Þetta er afbragðshugmynd og vel útsettar viðmiðunarreglur hvað skuggamyndun, ásýnd og einna helst að byggt verði með að leiðarljósi að vindkviður haldist í lágmarki. Ég er uppalin að sunnan og fluttist hér fyrir nokkrum árum og hefur fundist miðbærinn valda vonbrigðum. Bæði er hann skuggsæll og napur. Það er mjög góð byrjun að gera sjávarsíðuna þarna eftirsóknarverðri og ég hlakka til að sjá útkomuna og hvaða uppbygging tekur næst við.

Kv.

Tinna Gunnur Bjarnadóttir
201184-2829
Aðalstræti 63

From: [Unnar Jónsson](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við breytingu á aðalskipulagi á Oddeyri
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 23:59:21

Góðan dag, undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu til breytingar á aðalskipulagi á Oddeyri.

Stærð byggingarinnar eins og hún hefur verið kynnt almenningi er í engu samræmi við núverandi skipulag eða byggð í nágrenni. Þá er ekki eingöngu verið að vísa til hæðar bygginganna heldur stærðar og umfangs hússins í heild. Núverandi skipulag er nýlegt og var samþykkt eftir að haft var samráð við íbúa, m.a. með fundum í Oddeyrarskóla, þar sem vilji þeirra kom skýrt fram og endurspeglast í núverandi ákvæðum skipulagsins um húsagerð. Verði þessar fyrirætlanir að veruleika svo skömmu eftir að Akureyrarbær lagði mikla vinnu í að fá fram vilja íbúa, þar sem kvaddir voru til sérfræðingar og fulltrúar flokkanna sem bæði þá og nú mynda meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar mun það líklega draga mjög úr tiltrú íbúa á raunverulega þýðingu þess að taka þátt í íbúasamráði og draga úr vilja íbúa til að taka þátt í að vinna með bænum í slíkri vinnu. Þetta verkefni eitt og sér gæti því orðið til verulegs skaða til lengri tíma og vinna gegn yfirlýstu markmiði um aukið íbúasamráð.

Það er útilokað að taka einn frekar lítinn reit út úr svæðinu, sem merkt er þróunarreit D í tillögunni, og breyta húsagerð svo mikið án þess að það muni hafa veruleg áhrif á næstu lóðir, sérstaklega þær sem standa næst að norðan og austan. Það verður því að skoða allt svæðið sem eina heild. Annars er hætta á að nálægar lóðir yrðu ekki byggðar vegna óæskilegra áhrifa frá svo fyrriferðarmikilli byggingu. Þar sem bæði vindsveipir og skuggavarp gætu takmarkað áhuga á að byggja svo nálægt. Þessi tillaga er því líkleg til að koma í veg fyrir að uppbygging íbúðarhúsnæðis á svæðinu verði meiri en á þessum eina reit. Því það er ólíklegt að það sé fýsilegt að byggja 3-4 hæða hús í skugga svo stórrar byggingar, með tilheyrandi vindsveipum.

Á kynningarfundum í Hofi þann 21. október sl, þar sem hugmyndir um uppbyggingu á Oddeyri voru kynntar bæjarbúum kom fram að byggingaraðili teldi nauðsynlegt að byggja mjög há hús til að framkvæmdir borguðu sig og íbúðir yrðu seljanlegri í hærri húsum. Það er eðlilegt að byggingaraðili leiti eftir því að ná fram sem mestri hagkvæmni, en það er ekki réttlætanlegt að Akureyrarbær kollvarpi nýlegu skipulagi til að koma til móts við séróskir sem eru algjörlega á skjön við bæði skipulagið og vilja íbúa, sem kom fram í skipulagsvinnunni fyrir svo skömmu síðan.

Rétt er að benda á að það er á ýmsan hátt mögulegt að koma til móts við framkvæmdaaðila, án þess að kollvarpa núverandi skipulagi varðandi húsagerð, t.d. varðandi bílastæðakvaðir, enda svæðið í nágrenni miðbæjarins þar sem stutt er í þjónustu og því kjörið fyrir bíllausa til búsetu. Í ljósi ofanritaðs hvetur undirritaður Akureyrarbæ eindregið til að leggja umrædda tillögu til hliðar og halda sig við núverandi skipulag á Oddeyri. Standi vilji bæjarins virkilega til þess að þetta byggð á Oddeyri væri nærtækara að

leggja vinnu í að úthluta auðum lóðum á sunnanverðri Oddeyri og bæta ásýnd svæðisins með endurgerð gatna og gangstétta til að gera svæðið fýsilegra til uppbyggingar á nýju og eldri húsum.

Virðingarfyllt,

Unnar Jónsson
kt. 130467-5049

From: [Thorbjörn Guðrúnarson](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við dög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri.
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 23:28:22

Við undirrituð gerum athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi bæjarins fyrir Oddeyri. Breytingin mun heimila byggingu húsa sem geta verið allt að 6-8 hæðir og slíkar byggingar myndu ekki falla vel í þá götummynd sem fyrir er. Oddeyrin er rótgróið gamalt hverfi sem vert er að varðveita í uppbyggingu hverfisins.

Uppbygging á svæðinu er í sjálfu sér jákvæð og í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði að hámarki 3-4 hæðir. Rökin fyrir því að breyta skipulaginu og heimila hús að hámarki 6-8 hæðir eru óljós og ekki er hægt að sjá hvernig bæjarbúar hafi hag af því. 6-8 hæða bygging yrði í gríðarlegu ósamræmi við þá byggð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi sem og þeirri byggð sem er nú á Eyrinni. Það yrði mjög sorglegt ef að ásýnd og götummynd bæjarins yrði ekki höfð að leiðarljósi við áform um byggingu á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Þorbjörn Guðrúnarson
220567-4009
Stórholti 5
603 Akureyri.

Sent from my iPhone

Pórdís Jónsdóttir <handbroderadirdudar@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Pórdís Jónsdóttir <handbroderadirdudar@gmail.com>
Heiti : Pórdís Jónsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 25.5.2020
Höfundur : Pórdís Jónsdóttir <handbroderadirdudar@gmail.com>

Akureyri á upphaf sitt að hluta til á Oddeyrir og húsangjan meðfram stroðndinni hefur sterka sögulega skýrskotun. Það er í þessu mikilvægt að varðveita fortið bæjarins okkar, þaðan kemur sú sjálfsmynd sem við byggjum síðan framtíð okkar á.

Það er frá bær tilhugsun að Oddeyrir fái viðhald og endurnýjun sem sömi yrði að og jafnvel gerði það að verkum að vegferendur litu framhjá föðurtoðnkunum neðst á eyrinni. Sannarlega væri það tilhloðkunarefni og byggingar þær sem risið hafa í innbænum á síðustu árum sýna að slíkt er vel mögulegt.

Haðysí í stíll spænskra sundlaugarhótelastungur þó í stuð eins og mögulegt er á þeim stað sem því er ætlað. og eðg mótmæli harðlega þeirri hugmynd að byggja slíkar byggingar á eyrinni. 8 hæða húsi, skyggir á útsýni, það tekur athyglina frá landslaginu sem Oddeyrir myndar og er annar gerðar og hæðar en byggðin sem fyrir er, að áðurnefndum toðnkum undanskildum. Önnur húsi í húsaððinni eru 3-4 hæðir og eðg mótmæli því að byggja hærri húsi í Strandgötu.

Pórdís Jónsdóttir, fædd á Akureyri og hef alla tíð búið í bænum.
 kt. 2103645369

Akureyrarbær
Skipulagssvið
Ráðhúsi Akureyrar
600 Akureyri

Akureyri 25. maí 2020

Efni: Athugasemd við drög breytingu á að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri

Undirritaður vill gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreind drög að skipulagsbreytingum.

1. Aðalskipulag Akureyrar var stafest í febrúar 2018 og ber bæjarstjórn, skv. 35. gr. skipulagslaga, að skoða hvort breytinga á því sé þörf að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum en það er ekki skylda fyrr. Ég mótmæli því að bæjarstjórn fallist á ósk einkaaðila um að sett sé í skipulagsferli ofangreind breyting á aðalskipulag þar sem aðeins lítið brot tiltekins reits á Oddeyri er til umfjöllunar. Bæjarstjórn ber engin skylda til þess og á að hafna slíkum óskum og vísa til þess að hugmyndin komi til skoðunar með hugsanlegum öðrum skipulagsbreytingum að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Það að verða við þeirri ósk sem hér um ræðir, eða hliðstæðum og setja í skipulagsferli kostar bæjarbúa stórfé svo og allar þær stofnanir sem verða að taka málið til umfjöllunar. Bæjarstjórn á að stuðla að því að sem best sé farið með fjármagn skattborgara, safna saman óskum og hugmyndum um breytingu á aðalskipulagi og vinna að þeim í samhengi og helst ekki tíðar en á fjögurra ára fresti.
2. Ef breyta á ákvæðum aðalskipulagsins og rammaskipulags fyrir Oddeyri á að taka fyrir allt svæðið neðan Hjalteyrargötu og mark nýja stefnu um svæðið í heild en ekki að gera afgerandi breytingu á litlum hluta svæðisins sem kann að hafa fordæmisgildi fyrir skipulag á öllu svæðinu sem rammaskipulagið nær til. Að taka fyrir eins og hér er gert aðeins hluta svæðisins sem rammahluti aðalskipulagsins nær til er í ósamræmi við það sem segir í kynntum gögnum undir Breyting nr. 1: Oddeyri neðan Hjalteyrargötu. Þar segir:

„Tilgangur rammaskipulags Oddeyrar er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðarinnar.“

Með því að kynna nú afgerandi breytingu á litlum hluta þessa svæðis er gengið gegn framangreindum tilgangi sem er óásættanleg stjórnsýsla. Í gögnum málsins kemur fram að nái þessi breyting fram að ganga kunni að verða ósamræmi í hæð bygginga innan þróunarreitsins þar sem byggingar utan götureitsins megi aðeins ver 3-4 hæðir. Að ætla að staðfesta umrædda breytingu, þegar búast má við að hún geti haft fordæmisgildi fyrir allan þróunarreitinn, ber vott um vond vinnubrögð sem bæjarstjórn Akureyrar á ekki að stunda.
3. Í fyrirliggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulaginu vantar niðurstöður ýmissa kannana og þar með forsendur fyrir þeim byggingum sem fyrirhugaðar eru skv. tillögunni og má þar nefna t.d. eftirfarandi.
 - a. Liggur fyrir hvort nægileg raforka er til afhendingar á svæðinu fyrir áætlaða byggð og starfsemi svo og ef svo er ekki hvernig framkvæmdin samræmist áætlunum um að leiða aukna raforku inn á umrætt svæði neðan Hjalteyrargötu.
 - b. Liggur fyrir hvort rými í leikskólanum lðavöllum og Oddeyrarskóla er til staðar fyrir börn úr nýju íbúðahverfi og eru til áætlarnir um nauðsynlegar úrbætur hvað það varðar?
 - c. Hefur farið fram greining á umferð, öryggi og slysum skólabarna á leið að og frá Oddeyrarskóla en stór hluti þeirra þarf að fara yfir Norðurgötuna þar sem nokkuð er um óhöpp þrátt fyrir lágan heimilaðan umferðarhraða. Að ætla börnum á leið að og frá skóla að fara einnig yfir Hjalteyrargötu, eins og umferð er þar í dag, er óðs manns æði. Ekki er nægilegt að vísa til þess að umferðaröryggi verði leyst í deiliskipulagi heldur ætti a.m.k. að kynna á þessu stigi hvað hugmyndir kæmu til greina.

- d. Liggur fyrir könnun á burðarþoli jarðvegsfyllinga á svæðinu m.t.t. þeirra bygginga sem kynntar eru.
 - e. Liggur fyrir greining á þörf fyrir bílastæði fyrir væntanlega íbúa, starfsfólks við verslun og þjónustu í húsunum og viðskiptavinum þeirra.
4. Umrædd tillaga er algjörlega ótímabær þar sem mikilvægara mál er að við endurskoðun aðalskipulagsins verði gerð sú breyting að Hríseyjargata verði gerð að húsagötu frá mótum hennar og Laufásgötu að norðan. Laufásgata verði lagfærð svo hún geti tekið við nauðsynlegri umferð sem einkum er hafnsækin starfsemi. Með þessari breytingu fæst stórt svæði fyrir íbúðabyggð sem hægt væri að hafa í samræmi við rammaskipulag Oddeyrar og tengja á eðlilegan og öruggan hátt við núverandi íbúðabyggð á Oddeyri og samfara uppbyggingu þar gæfist tími til að vinna að nauðsynlegri uppbyggingu leik- og grunnskóla á svæðinu.

Virðingarfyllt

Þóroddur F. Þóroddsson
Fjólugötu 18
600 Akureyri

Þuríður Helga Kristjánsdóttir <thuridurhk@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Þuríður Helga Kristjánsdóttir <thuridurhk@gmail.com>
Heiti : Þuríður Helga Kristjánsdóttir
Málsnúmer : 2019090318
Málsaðili : Akureyrarkaupstaður
Skráð dags : 8.5.2020
Höfundur : Þuríður Helga Kristjánsdóttir <thuridurhk@gmail.com>

Sæl

Ég, Þuríður Helga Kristjánsdóttir, geri athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri.

Athugasemdirnar eru eftirfarandi við reit D1:

- Húsnæði sem er 25 m.y.s. felur í sér mikla sjónræna breytingu á svæðinu. Slík breyting felur í sér að ásynd Akureyrarbæjar og þeirrar bæjarmyndar sem Akureyri hefur byggt upp á undanförunum árum umturnast þegar við austurenda Strandgötunnar kemur hús af þessari stærðargráðu og er hópandi í ósamræmi við gildandi aðalskipulagi þar sem segir m.a. að við deiliskipulag eldri hverfa skuli þess gætt að breytingar á byggingum og nýbyggingar falli vel inn í þá götumynd/bæjarmynd sem fyrir er.
- Reitur D1 er mjög afmarkað svæði og ef heimilað verður að byggja 25 m.y.s. myndast ósamræmi við nærliggjandi byggingar.
- Hefur Akureyrarbær ákveðið að það vilji byggja upp nýtt kennileiti á bænum á þessum stað? og ef svo er var það gert í samráði við íbúa eða á annan faglegan hátt?
- Hefur Akureyrarbær gert tölvuteikningar/myndir sem sýna hvernig ásynd bæjarins breytist frá mismunandi sjónarhornum? t.d. frá útsýnisstöðum við Vaðlaheiði.
- Hefur Akureyrarbær gert tölvuteikningar/myndir sem sýna hvernig útsýni íbúa sem búa vestan, sunnan og norðan við bygginguna breytist við þessar tillögur, út frá mismunandi sjónarhornum?
- Af hverju er útbúinn sérstakur þróunarretur D1?

Ég sem íbúi á Akureyri óska því eftir því breytingum á þróunarreit D1 verði hafnað af bæjaryfirvöldum.

Bestu kveðjur

Þuríður Helga Kristjánsdóttir

From: [Þuríður Helga Þorsteinsdóttir](#)
To: [Skipulagssvið Akureyrar](#)
Subject: Athugasemd við dög að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og á Rammahluta aðalskipulags fyrir Oddeyri.
Date: miðvikudagur, 27. maí 2020 23:41:11

Gott kvöld

Ég undirrituð geri athugasemd við áform um breytingar á aðalskipulagi bæjarins fyrir Oddeyri. Breytingin mun heimila byggingu húsa allt að 6-8 hæðir en slíkar byggingar myndu ekki falla vel í þá götumynd sem fyrir er. Oddeyrin er rótgróið gamalt hverfi sem vert er að varðveita í uppbyggingu hverfisins.

Uppbygging á svæðinu er í sjálfu sér jákvæð og í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu verði að hámarki 3-4 hæðir. Rökin fyrir því að breyta skipulaginu og heimila hús að hámarki 6-8 hæðir eru óljós og ekki er hægt að sjá hvernig bæjarbúar hafi hag af því. 6-8 hæða bygging yrði í gríðarlegu ósamræmi við þá byggð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi sem og þeirri byggð sem er nú á Eyrinni. Það yrði mjög sorglegt ef að ásýnd og götumynd bæjarins yrði ekki höfð að leiðarljósi við áform um byggingu á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Þuríður Helga Þorsteinsdóttir
Kt. 231170-4219
Stórholti 5, 603 akureyri